

Jóla Feykir 2023

JÓLABLAÐ NORÐURLANDS VESTRA
45. tölublað | 43. árgangur



Jólafeykir 2023

ÚTGEFANDI
Nýprent ehf.
Borgarflöt 1, Sauðárkróki
Sími 455 7176, feykir@feykir.is

RITSTJÓRI & ÁBM.
Óli Arnar Brynjarsson
oli@feykir.is

BLAÐAMENN
Gunnhildur Gísladóttir
gunnhildur@feykir.is

Sigríður Garðarsdóttir
sigggag@nyprent.is

Klara Björk Stefánsdóttir
klara@nyprent.is

FORSÍÐUMYND
Einar Gíslason

PRÓFARKALESTUR
Friða Eyjólfadóttir o.fl.

AUGLÝSINGASÖFNUN
Sigríður Garðarsdóttir

UMBROT & PRENTUN
Nýprent ehf.

Jólafeykir er prentaður í
3600 eintökum og er dreift
frítt í öll hús í Skagafirði og
í Húnavatnssýslum.



JÓLAHUGLEIÐING | Edda Hlíf Hlífarsdóttir sóknarprestur í Húnavatnsprestakalli

Þegar myrkríð er mest skína stjörnurnar skærast

Er frelsarans hátíð vér fögnum í dag,
í friði öll náttúran blundar.
Og huga vorn leiðir hið hljómfagra lag
til helgustu fæðingarstundar.

Þá fæddist í jötu í fátækt og nauð
vor frelsari og algóði hirðir.
sem gaf okkur líf sitt og allan þann auð
sem einhvers er hjartanu virði.

Þannig orti Rögnvaldur Erlingsson um fæðingu frelsarans. Um Jesúbarnið fallega og góða, táknmynd hinnar björtu vonar alls mannfólks. Þau voru mikil fyrirheitin um hinn nýja konung sem í heiminn skyldi fæðast. Því hefur það vafalaust vakið mikla undrun að hann fæddist ekki í glæsihýsi eða höll, heldur í gripahúsi og jatan varð vaggja hans. Þrátt fyrir einfaldleikann er frásögnin svo undurfalleg og umvafinn heilagleika. Já kannski er það jafnvel einfaldleikinn sem gerir það að verkum hversu djúpt frásögnin snertir við okkur. Líkt og fegurð kertaljóssins loga sem dansar í rökkrinu og veitir allt öðruvísi og hlýlegri birtu í einfaldleika sínum, en rafmagnsljósinn sem við erum farin að taka sem sjálfsögðum hlut.

Fyrir mörg okkar byggjast jólin á hefðum. Hefðum sem við höfum viðhaldið frá okkar eigin bernskujólum ásamt nýjum hefðum sem við höfum sjálf skapað á fullorðinsárum. Flestum þykir vænt um hefðirnar sínar og þeim fylgir eftirvænting, ósk um að þær hreyfi við okkur, vekji og glæði hamingju-tilfinningar innra með okkur. Færi okkur heilagleika jólanna.

Sumum finnst algjörlega ómissandi að hlusta á jólakveðjurnar í útvarpinu, einhverjir fara alltaf sama rúntinn á aðfangadag, skila af sér kortum og pökkum, skiptast á kveðjum og þiggja kaffisopa. Einhver okkar skreyta húsinn sín hátt og lágt og setja jólaljós í hvern krók og kima, sum fara sér hægur í skreytingarnar en eiga kannski uppáhalds jólaskraut sem jafnvel hefur gengið í erfðir og er árlega sett upp með viðhöfn. Flest eigum við uppáhalds smákökusort eða tvær og vitum fátt betra en að gæða okkur á þeim á adventunni, hvort sem við bökkum sjálf eða þiggjum frá ættingjum og vinum. Mjög margir leggja leið sína í kirkjugarða víða um land til að tendra ljós eða leggja jólaskreytingu á leiði ástvina sinna, hvísla til þeirra jólakveðu eða staldra aðeins við í þögninni áður en signt er yfir. Kirkjusókn er víða með mesta móti um jólin, og það er samvera með fjölskyldu og vinum, að vera umvafinn fólkinu sínu. Algengt er að bændur tali um þá einstöku tilfinningu sem fylgi því að ganga til gegninga á aðfangadag, gefa extra vel á garðann, hlusta á jórtur ána þegar þær gæða sér á safaríkri tuggunni og njóta þess að dvelja í kyrrð og ró og finna frið og helgi jólanna færast yfir hugann. Svo er það sem lang flestir tala um að skipti mestu máli um jólin, og það er samvera með fjölskyldu og vinum, að vera umvafinn fólkinu sínu.

En allt er breytingum háð og fæst förum við í gegnum lífið án áfalla. Hvað verður um helgi jólanna þegar aðstæður breytast og ekki er hægt að framfylgja hefðunum. Jólakastur og skreytingar geta líka valdið kvíða og hugarangri, ekki síst þegar mikið er að gera á öðrum vettvangi. Erfitt tíðarfar getur hamlað samveru fólks, sem og veikindi og slys. Ástvinamissir varpar skugga á hina hefðbundnu tilhlökkun og getur hamlað því að hægt sé að viðhafa hefðirnar. Jólin eru því stundum tregablandin og allar tilfinningar verða einhvern veginn sterkari. Við heiðrum minningu ástvina okkar með því að rifja



upp góðar minningar, finnum til gleði en á sama tíma til sorgar og söknuðar. Tilhugsunin ein um jólin getur orðið yfirþyrmandi í skugga missis.

En þegar við verðum fyrir mótlæti er mikilvægt að muna að við erum ekki ein. Guð vakir yfir okkur öllum og býðst til að deila byrði okkar. Hann vill að við styðjum og styrkjum hvert annað og gefur okkur mátt til þess. Þegar á reynir kemur samtakamáttur samfélaga oftast en ekki skýrt í ljós og það er óendanlega dýrmætt. Kærleiksbirta Jesúbarnsins skín aldrei skærar heldur en þegar okkur líður illa. Þegar allt er skellibjart þá sjáum við ekki stjörnurnar, en þegar myrkríð er sem mest skína stjörnurnar skærast. Jóluguðspjallið beinir sjónum okkar að því að við getum öll upplifað heilagleika og fegurð jólanna, þrátt fyrir breytta aðstæður, öðryggi og erfiðleika. Kærleiksljós Jesúbarnsins birtist í hverju og einu okkar og því góða sem við látum af okkur leiða.

Og jólin, þau koma, sama hvað. Þau koma innra með hverju og einu okkar. Boðskapur jólanna er persónulegur. Sú alúð og umhyggja sem lögd er í undirbúning jólanna er virðingaverð. Að vinna í þágu annarra um jólin, hvort heldur sem er í launaðri vinnu eða sjálfbodastarfi er fallegt. Að viðhalda ólíkum hefðum og siðum er yndislegt og að hlúa að og biðja fyrir þeim sem eiga um sárt að binda um jólin, sem og aðra daga, er dýrmætt. Við göngum hvert um sig inn í hátíðina undir áhrifum eigin hugsana, líðanar og reynslu. Hver jólin eru því einstök og jólaguðspjallið getur öðlast nýja merkingu aftur og aftur.

Í öllu veraldarvafstrinu skulum við því hafa það hugfast að við þurfum ekki að ávinna okkur ást Guðs. Við þurfum ekki að reyna að heilla hann með frammistöðu okkur á nokkurn hátt. Guð gaf okkur gjöfina mestu og bestu, Jesúbarnið sem fæddist í fábrotinu fjárhúsi. Hleypum kærleiksljósinu bjarta inn í hjörtu okkar og leyfum því að skína innra með okkur. Þá koma jólin.

Á dimmstu nóttunni Drottinn gaf ljós
er dagsbirtu sárast við tregum.

Og lind þá er sérhverja lífgað fær rós
sem ljómar á kærleikans vegum.

Sá boðskapur jóla sem berst til oss nú
svo birtir hið daglega mistur.

Vor auður sé fölginn í einlægri trú
og ást sem er helguð þér kristur. (R.E.)

Guð gefi ykkur gleði- og friðarjól.
Sr. Edda Hlíf Hlífarsdóttir

Jólasurning Jólalagaðsins

| gunnhildur@feykir.is

Hvert er uppáhalds jólalagið?



Gunnar Sigfús Björnsson

„Það snjóar í flutningi Sigurðar Guðmundssonar og Memfismafiunnar. Það er einhver fallegasta laglína sem ég hef heyrt.“



Jóhann Daði Gíslason

„Það er úr mörgu að velja, en ég myndi segja **Driving Home for Christmas** eins og staðan er núna.“




Höskuldur Sveinn Björnsson

„Heyrðu ætli ég segi ekki bara að það sé lagið **Þessi týpisku jól** með ICEGUYS, af hverju? Bara svo sætir strákar“



Emeliana Lilly

„Þú og ég og jól með Svölu Björgvins, það er lang skemmtilegast að syngja það.“



Bergrún Sóla Áskelsdóttir

„Í augnablikinu er það **Driving Home for Christmas** vegna þess að ég tengi við það, föst í umferð í Reykjavík og hlakka til að komast heim í Skagafjörð um jólin.“



Ingi Sigbór Gunnarsson

„Uppáhalds jólalagið mitt er **Kærleiksvísan** í útgáfu Ragnheiðar Gröndal, ótrúlega fallegt lag og virkilega vel með farið hjá henni.“



Gleðilega hátíð

Jólin mín

Katrín M. Jónsdóttir | Sauðárkróki

Það fer enginn í jólaköttinn á minni vakt!

Katrín M. Jónsdóttir er gift Hans Björnssyni og eiga þau tvö börn, Hilmi Bjarma 7 ára og Maríu Bjartey 2 ára. Katrín er sérkennari í Árskóla og býr á Sauðárkróki.

UMSIÓN
Klara Björk Stefánsdóttir

Þú ert jólabarn, af hverju heldur þú að það sé? Ætli það sé ekki bara vegna ljúfra jólaminninga. Það fylgir jólaljósunum, jólalögnum og öllu stússinu í kringum þetta bara einhver tilfinning, alveg töfrandi og góð tilfinning.

Hvað kemur þér í jólaskap? Það er mjög margt og þarf ekki mikið til í skamdegini, en toppurinn á tilverunni er samt að finna hangikjöts-

ilminn í eldhúsinu heima hjá mömmu og pabba. Þá eru jólin komin!

Hvenær byrjar þú að jólaskreyta? Það fer svolítið eftir róðraplaninu hjá mannum mínum, hann er í útideildinni og þarf að klára það áður en hann fer á sjóinn en oftast eru nú ljósín komin í samband hjá okkur um miðjan eða við lok nóvember. Jólátréð kemur svo alltaf upp kvöldið sem jólasveinarnir fara á stjá.)

Gefur þú margar jólgjafir? Já, þær eru



Katrín, Hans, Hilmi og María sæt og fin um ein jólin.

bara alveg fjölmargar.

Og er búið að kaupa eitthvað af jólagjöfum? Já, ég var búin með flestar í október.

Hvað langar þig að fá í jólagjöf? Fleiri samverustundir með vinum og fjölskyldu.

Hvert er besta jólagiði?

Jólasveinafylkingin er alveg mitt allra uppáhalds.

Hvenær tekur þú jólaskrautið niður? Ég er yfirleitt búin að pakka því nokkuð snemma, í kringum þrettándann er flest farið niður nema kannski einstaka ljós.

Sendir þú jólakort? Nei því miður hef ég ekki komið mér í þá hefð, en mér þykir samt alltaf voðalegur sjarmi fylgja því að lesa jólakort.

Eru föst jólaböð hjá þér og þínum? Það hefur dregið töluvert úr því með árunum. En ég hef samt haldið bróns undanfarin ár í hádeginu á aðfangadag með foreldrum mínum og fjölskyldunni og þykir voðalega vænt um þá stund.

Hvað finnst þér ómissandi að gera yfir hátíðirnar? Þorláksmessa er eiginlega minn uppáhaldsdagur með föstum og mjög mikilvægum hefðum og byrjar minn

hátíðisdagur þar. Það er algjörlega ómissandi að hlusta á jólakveðjurnar það kvöld og hræra í jólaisinn með Hans eftir að krakkarnir eru komnir spenntir í bólið. Ég man enn eftir að hafa sofnað út frá þessu sama sem barn, suðið frá hrærivélinni og jólakveðjunum með tilhlökkun í maganum. Þetta er ekki síðri stemning nú þegar maður er orðin stór.

Kaupir þú sér jólaföt á þig og þína? Já, það fer enginn í jólaköttinn á minni vakt!

Hvað er í jólamatinn? Alltaf svínahamborgarhryggur.

Bakar þú fyrir jólin? Ekki mikið, aðallega bara fyrir ilminn.

Hver er uppáhaldskökusortin þín? Sörur eru algjört sælgæti en vanilluhringirnir hennar mömmu eru jólin.

Jólin eru... að njóta og hlæja með fólkinu sínu.



Skagafjörður

Óskar íbúum Skagafjarðar og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



NÓA
Konfekt



Hver er þér svo kær?

Á hátíðum og hvers kyns hamingjustundum jafnast einfaldlega ekkert á við konfekt. Gefðu þeim sem er þér svo kær gleðistundir með ljúffengu konfekt frá Nóa Sirius.

Gott að gefa, himneskt að þiggja!

Gleðileg jól

Kaupfélag Skagfirðinga sendir bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár – þökkum árið sem er að líða.

 Kaupfélag Skagfirðinga

Ártorgi 1
550 Sauðárkrókur
© +354 455 4500
www.ks.is



STEINULL

Sendum starfsfólki og viðskiptavinum nær og fjær okkar bestu jóla- og nýárskveðjur



Dögunarræckja er veislumatur

Viltt kaldsjávarræckja eins og hún gerist best

Dögun

Ræckjan frá Dögun er framleidd úr hágæða hráefni úr Norður-Atlantshafi. Við leggjum áherslu á sjálfbærni veiðistofna og fullan rekjanleika vörunnar.

Handverksdúnd! | klara@nyprent.is

Auður Haraldsdóttir á Sauðárkróki

Gaman að flestri handavinnu, allt frá því að skreyta kökur yfir í þrjón

Auður Haraldsdóttir, er uppalin á Siglufirði en flutti á Sauðárkrók fyrir 33 árum. Hún lauk stúdentsprófi frá FNV og hefur aðallega unnið við skrifstofustörf síðan þá, t.d. hjá Pósti og síma, sem ritari á Heilbrigðisstofnuninni Sauðárkróki en síðustu 20 ár hjá RARIK.



Auður.

Hvernig byrjaðir þú og hve lengi hefur þú stundað hannyrðir? Ég, eins og sennilega flestir, byrjaði á handavinnu í grunnskóla og var nokkuð dugleg við að klára „skyldustykkín“ en áhuginn á handavinnu náði ekki langt út fyrir það. Mér fannst alltaf miklu skemmtilegra að teikna og lita, það var áhugamál sem fékk að njóta sín í myndmenntastofunni og t.d. þegar teiknað var á skólatöfluna fyrir litlu-jólin. Þegar ég byrjaði að vinna á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki 1998, þá varð til skemmtilegur saumaklúbbur sem starfar enn og er mjög virkur, við köllum okkur Bucillur. Nafnið er dregið af handavinnu sem mikið var unnið með á upphafsárum klúbbsins. Við erum nokkrar innan hópsins sem höfum saumað töluvert af þessari handavinnu, ég hef t.d. gert þrjú jóladúka, nokkra jólasokka, kransa o.fl. Í dag er aðallega setið með þrjónana í klúbbnum og flestar búnar að leggja nálarnar alveg á hilluna. Föðuramma mín, sem ég ólst upp hjá á Siglufirði, var mjög mikil hannyrðakona og þrjónaði alveg gríðarlega mikið, ég man ekki til þess að sjá hana fara eftir þrjónauppskrift. Barnabörnin nutu heldur betur góðs af hennar vinnu, fengu peysur, sokka, vettlinga o.fl. í ómældu magni. Þar sem ég fékk allt þrjónað upp í hendurnar þá fannst mér ekki ástæða til að leggja sérstaka áherslu á að læra að þrjóna en það átti, sem betur fer, eftir að breytast þegar ég var komin á fertugsaldurinn. Ég þakka það frábærum saumaklúbbskonum sem komu mér á sporið. Ég hef fengið ómetanlegan stuðning, hjálp og hvatningu í gegnum tíðina frá þeim.

Hvaða handavinna þykir þér skemmtilegust? Ég held að ég geti ekki sagt að eitthvað eitt sé skemmtilegast,

ég hef, held ég bara gaman af flestri handavinnu, allt frá því að skreyta kökur yfir í þrjón.


Hverju ertu að vinna að um þessar mundir? Nýjasta verkeið er Gustur frá Ömmu Loppu og þrjú sjöl, Sophie shawl, frá PetiteKnit.

Hvar færðu hugmyndir? Ef það eru þrjónauppskriftir þá eru þær helst á netinu, ég kaupi mér uppskriftir frá Ömmu Loppu, PetiteKnit, Stroff o.fl. Ég fylgi svo nokkrum flottum þrjónurum á Instagram og Facebook.

Hvaða handverk sem þú hefur unnið ertu ánægðust með? Ef ég á að velja eitthvað eitt þá væri það Bucillajóladúkurinn sem einkasonurinn óskaði sér í jólagjöf 2018. Mjög gaman að sjá handverkið í notkun.

Eitthvað sem þú vilt bæta við? Um leið og ég þakka Krístrúna fyrir áskorunina þá tek ég undir hennar orð, það er sannarlega dýrmætt að eiga myndir af handverkinu, þegar til lengri tíma er litið. Eins bara að hvetja til hvers konar handavinnu, það er bæði skemmtilegt og róandi.

Auður skorar á Júlíu Lindu Sverrisdóttur, kæra vinkonu, handverkskonu og mikinn gleðigjafa.



Eins og þið sjáið á myndunum hefur Auður ekki setið auðum höndum og dundað sér eitthvað í gegnum árin.

Handavinnubókin HEKLA

Uppskriftabók með hekludum figúrum og dóti

Þann 16. nóvember kom út bókinn Hekla en sú bók er með uppskriftum að hekludum leikföngum fyrir yngstu kynslóðina og má þar finna uppskriftir af svani, einhyrningi, blómálfi, jólakúlum og margt fleira. Þær henta bæði byrjendum og lengra komnum og er það Elsa Harðardóttir, 34 ára Seyðfirðingur sem býr í Hafnarfirði, sem á heiðurinn af þessari bók.

Í bókinni eru 15 nýjar uppskriftir sem verða einungis í bókinni en einnig eru þar þrjár vinsælar eldri uppskriftir sem fylgja með. Allar uppskriftirnar eru eftir Elsu sjálfa og hafa meðal annars birst uppskriftir eftir hana í erlendum handavinnutímaritum. Aðspurð hvenær áhuginn hafi kviknað á að hekla segir hún að hann hafi komið um leið og hún varð ólétt að dóttur

sinni sem hjálpaði henni að þróa uppskriftirnar og hugmyndirnar fyrir bókina.

En hvenær byrjaði þú að hekla? „Ég var nýbúin að læra að hekla þegar á skall útgöngubann í Danmörku árið 2020 þar sem ég bjó á þeim tíma. Það er óhætt að segja að heklunálin hafi bjargað covid-tímanum fyrir mér.“

Elsa er ekki bara forfallinn heklari heldur er hún iðin við all flesta handavinnu og segist ætla að læra að þrjóna fyrir fimmtugt og því nægur tími til

stefnu. En það sem henni finnst skemmtilegast að hekla er serían hennar, Fyrirmyndir, og stefnir hún á að gera fleiri gerðir af Fyrirmyndum núna þegar þessi bók er tilbúin og komin í sölu.

Hver var kveikjan að því að gera þessar æðislegu dúkkur? „Vinkona mín gaf dóttur minni heklaða kanínu þegar hún fæddist og mér þótti svo ótrúlega vænt um þessa fallegu gjöf. Hún sefur enn með hana fimm árum seinna. Handgerðir og

persónulegir hlutir eldast, að mínu mati, mikið betur en þessir fjöldaframleiddu!“

Ertu að selja þær einhverstaðar? „Nei, ég sel ekki tilbúna figúru. Ég gef þær til barna sem ég þekki og í Míuboxið og á Barnaspítalann.“

Hvar er hægt að kaupa bókina? „Hekla fæst í Söllu, verslunum Pennans, í Hagkaupum, Nettó, Bónus, Bókakaffinu Selfossi, Bókaverslun Breiðafjarðar, A4 og fleiri frábærum handavinnubúðum.“

Ertu komin með fleiri hugmyndir að bókum? „Algjörlega. Ég er að vinna í alls konar hugmyndum. Hvergi nærri hætt.“

Hentar þessi bók fyrir þann sem að kann ekki að hekla en langar að læra? „Fullkomlega! Í hverri uppskrift kemur fram erfiðleikastig og það eru nokkrar hugsáðar fyrir byrjendur! Svo fylgir QR kóði með í bókinni. Þar er hægt að fylgja hlekk þar sem finna má myndbönd á heklaðferðir. Að auki eru fallegar skýringarmyndir í bókinni sem Ylfa Grönvold teiknaði svo fallega fyrir mig.“

Feykir óskar Elsu til hamingju með frábæra bók sem vonandi á eftir að rata í harða pakkann hjá hannyrðafólki á Norðurlandi vestra. /

sg



Bestu óskir um

Gleðileg jól

*og farsæld á nýju ári.
Þökkum viðskiptin á árinu.*

Hjá okkur er fullt hús af gjöfum



📍 HÓLAVEGUR 16, SAUÐÁRKRÓKUR
☎️ 453-5363 / 834-6353
🌐 NOONA.IS/VILLAN

✉️ KLIPPISKURINN@GMAIL.COM
📘 FACEBOOK.COM/KLIPPISKURINN550
📷📺 KLIPPISKURINN.VILLANSPA

VERNDARHJÚPUR
LJÓSABEKKIR
GUFUHJÚPUR
INFRA - KLEFI
TANNHVÍTTUN
GJAFABRÉF
HÁRVÖRUR
RAFTÆKI
NÝTT!
BRÚNKU KLEFI

Jólatónleikar 2023

Skagfirski kammerkórinn

heldur sína árlegu jólatónleika

miðvikudaginn 13. desember kl. 20.00 í Blönduóskirkju

og miðvikudaginn 20. desember kl. 20.00 í Hóladómkirkju



Stjórnandi: Rannvá Olsen
Undirleikur: Rögnvaldur S. Valbergsson
Þverflauta: Petrea Óskarsdóttir
Einsöngur: Helga Rós Indriðadóttir

Enginn aðgangseyrir

Tekið er við frjálsum framlögum í Blönduóskirkju sem renna í orgelsjóð kirkjunnar
Tekið er við frjálsum framlögum í Hóladómkirkju sem renna til líknarmála

Skagfirski kammerkórinn vill þakka öllum vinum og velunnurum sem styrktu okkur í verkefnum ársins sem leið

Hjartans þakkir, gleðileg jól og farsælt komandi ár




Opnunartímar í KS Hofsósi í kringum jól og áramót

Mánudaga - föstudaga kl. 9:30-18:00	<p style="color: red; font-style: italic;">KS Hofsósi óskar viðskiptavinum sínum gleðilegra jóla og þakkar viðskiptin á árinu sem er að líða.</p>
Laugardaga kl. 11:00-16:00	
Þorláksmessa 23. des. kl. 10:00-18:00	
Aðfangadagur 24. des. Lokað	
Gamlársdagur 31. des. Lokað	



Kaupfélag Skagfirðinga

HIOFSÓSI



Léttari liðir

Undraefni fyrir liði brjósk og bein
Einstök virkni **sæbjúgnaextrakts** úr íslensku hafi

partur
af lífinu





LAB TESTED

100% PURE

NON GMO

LAB TESTED

100% PURE

NON GMO

LAB TESTED

100% PURE

NON GMO

Kynntu þér Liði á heimasíðu
PROTIS www.protis.is

NORDIC NUTRITION ●
PROTIS



*Verstunarmannafélag
Skagafjarðar sendir
félagsmönnum sínum og fjölskyldum
þeirra bestu jólakveðjur.*

Megi komandi ár færa okkur öllum gleði og hamingju.



Vinsælasta jólagjöfin er líka sú einfaldasta



Gjafakort Arion fást í útibúum okkar
og á arionbanki.is/gjafakort



*Aldan stéttarfélag færir félagsmönnum sínum,
sem og landsmönnum öllum,
bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi ári.*

ALDAN

S T É T T A R F É L A G

Borgarmýri 1 550 Sauðárkrúkur Sími 453 5433 www.stettarfelag.is



(VELKOMIN HEIM) | gunnhildur@feykir.is

Sigrún Benediktsdóttir | frá Halmstad í Svíþjóð og aftur á Krókinn

Leið vel í Halmstad en þessi blessaða heimþrá

Sigrún Elva Benediktsdóttir er fædd og uppalin á Sauðárkróki, dóttir Benedikts Agnarssonar og Maríu Kristjónu Angantýsdóttur heitinnar. Hún á tvo drengi, Benedikt Zaher Arabo 6 ára og Malaz Krister Arabo 4 ára. Pabbi drengjanna og barnsfaðir hennar er Shaher og er hann frá Sýrlandi og býr í Svíþjóð. Sigrún á fjögur systkini, þau Agnesi Ben, Ástu Ben, Björgvin Ben og Fúsa Ben og eru þau öll búsett í firðinum fagra fyrir utan Agnesi sem býr í Vestmannaeyjum.



Fjöllin gefa Sigrúnu fitonskraft í hjartað. MYNDIR ADSENDAR.

VIÐTAL & SAMANTEKT

Gunnhildur Gísladóttir

Sigrún flutti heim á Krókinn síðastliðið sumar eftir að hafa búið í tíu ár á suðvesturströnd Svíþjóðar í borginni Halmstad. Sigrún er með BA gráðu í félagsráðgjöf og starfaði hjá barnaverndinni í Halmstad áður en hún flutti heim. Núna starfar hún sem ráðgjafi í félagsþjónustu og barnavernd í Skagafirði.

Af hverju komstu heim? „Það voru nokkrir þættir sem spiluðu inn í þá ákvörðun. Þá einna helst að ég saknaði þess að hafa ekki fólkið okkar, fjölskylduna og vinina, nálægt. Mér fannst mikilvægt að strákarnir mínir fengju að kynna fólkinu okkar betur og fá í leiðinni að alast upp með öllu þessu góða og frábæra fólki sem gefur af sér svo mikla ást og umhyggju. Ég var líka komin með smá heimþrá en ég var búin að búa í Svíþjóð í tíu yndisleg ár og fannst tími til kominn að flytja heim og það

kom eiginlega ekkert annað til greina en að fara beint á Krókinn,“ segir Sigrún.

Var sú ákvörðun auðveld? „Já og nei. Það var alveg erfitt að taka svona stóra ákvörðun þrátt fyrir að ég væri tilbúin til þess að flytja heim. Okkur leið mjög vel í Halmstad en það var þessi blessaða heimþrá sem minnti reglulega á sig. Hins vegar þarf að huga að ýmsu áður en maður rifur heila fjölskyldu upp með rótum. En stundum verður maður bara að taka ákvörðun og standa með henni þar til eitthvað annað kemur í ljós. Þá dilar maður bara við það. Stóra samhenginu þá var þetta ekkert svakalega erfitt fyrir mig að flytja heim í gamla heimabæinn þar sem fólkið okkar er og í

samfélag sem ég þekki. Þetta var meiri aðlögun fyrir börnin mín og pabba þeirra. Það sem gerði þetta flóknara var að barnsfaðir minn var ekki jafn spennur og ég og vildi frekar búa í Svíþjóð þar sem hann upplifði það sem sitt nýja heimaland en hann kom þangað sem flóttamaður frá Sýrlandi og var búinn að leggja mikið á sig til þess að læra tungumálið og að aðlagast sænsku samfélagi. Hann var því orðinn sáttur við að vera þarna þegar ég fæ þessa brilliant hugmynd að vilja flytja til Íslands. Hann var bara „ok til Íslands segirðu, til eins kaldasta lands í veröldinni. Þú veist það Sigrún að ég kem frá eyðimörkinni, ég á ekki eftir að geta búið þarna, fyrir utan það þá búa fleiri kindur en fólk á

Íslandi“. Þegar ég fékk vinnuna sem ég vildi ásamt því að sýna Arabanum hvernig Heiðarættarþrjóska virkar þá var ekki annað í boði en að flytja heim. Ég taldi það líka vera heppilegast að flytja á meðan strákarnir okkar voru þetta ungir. Ég hef ekki séð eftir þessari ákvörðun og erum við ánægð að vera hérna,“ segir Sigrún.

Ertu komin til að vera, heldur þú að þú sért sest að? „Það er erfitt að segja til um það en eins og staðan er í dag þá líður mér og strákunum mínum vel í litla fallega og góða samfélaginu okkar og það er fyrir öllu. Ætli það sé ekki best að taka einn dag fyrir í einu og sjá hvað framtíðin ber í skauti sér.“

Hverjir eru kostir þess og gallar að vera komin aftur?

„Það eru margir kostir við það að vera komin aftur og einhverjir gallar. Kostirnir eru m.a. þeir að við höfum fólkið okkar nálægt okkur og getum oft hitt vini og fjölskyldu. Ég og börnin erum miklar félagsverur og elskum samveruna með fólkinu okkar. Þegar ég bjó í Svíþjóð þá saknaði ég líka mikið íslensku sundmenningarinnar. Það er svo fullkomið að hendast í sund, synda aðeins, njóta sín í heitum potti á meðan maður andar að sér fersku lofti og hittir mann og annan og dettur í góðar samræður. Þannig að það er stór kostur að geta stundað sundið á ný og við erum rík hér í Skagafirðinum af góðum laugum. Svo þarf ég að minnast á Krókinn og hversu yndislegt það er að búa hérna. Ég elska einfaldleikann og hversu stutt það er að fara á milli A og B og verður því meira úr deginum. Náttúran hérna og nálægðin við fjöllin gefur einhverja orku sem erfitt er að lýsa og ég fann það þegar ég flutti heim að það eitt að horfa upp til fjallanna hér í kringum okkur gaf mér einhvern fitonskraft í hjartað. Þar sem ég á börn þá finnst mér einn helsti kosturinn við það að búa hérna vera sá að við búum í öruggu samfélagi og ég þarf ekki að hafa stanslausar áhyggjur af drengjunum mínum. Hér er svo mikið af frábæru og góðu fólki sem gerir þetta samfélag svo gott og samheldnin er miklu meiri hér miðað við það sem ég var vön í Svíþjóð. Ég gæti haldið áfram með kostina en ég verð komin með gott efni í ritgerð ef ég held áfram. Ef ég á eitthvað að tjá mig um gallana við það að vera komin aftur heim þá er það aðallega íslenska



Sigrún og yngri strákurinn hennar, Malaz, í körfubolta.



Benedikt og Malaz í göngutúr.

veðurfarið og hversu stutt sumarið er og veturinn langur. Auðvitað geta komið góð tímabil, veðurfarslega séð, inn á milli og þá er hvergi betra að vera en á Íslandi. Gallarnir við það að búa á Króknum eru þeir að það vantar svolítið meira líf í bæinn okkar. Bærinn er, að mér finnst, helst til of rólegur og það vantar skemmtilegan miðbæjarkjarna sem dregur fólk að og skapar skemmtilega stemningu. Mér finnst t.d. miðbærinn á Selfossi hafa heppnast mjög vel. Svo get ég alveg rætt um verðlagið en ég nenni nú ekki að fara út í þá sálma.“

Ef þú hefur mátt taka með þér eitthvað frá staðnum sem þú bjóst á, hvað hefði það verið? „Veðrið, ströndina, bæjarlífið, gróðurinn og bretti af sænskum surströmming, en ég hef nýlega komist að því að það er hægt að selja dollu af þessu sænska hnossgæti dýrum dómi hér á Íslandi,“ segir Sigrún.

Einhver skemmtileg æskuminning sem rifjaðist upp þegar þú fluttir heim? „Það hefur eitt og annað rifjast upp frá því að ég flutti aftur heim. Ég man hins vegar ekki eftir neinu í augnablikinu sem væri

skemmtilegt að segja lesendum frá.“

Hvernig eru jólaþlönin? Varstu vön að koma heim um jólin áður en þú fluttir? „Ég er ekki komin það langt að vera búin að plana jólin. Það eina sem ég er búin að ákveða er að eiga gott og rólegheita jólafrí með strákunum mínum og njóta þess að vera með þeim. Vanalega hittumst við fjölskyldan eitthvað yfir jólahátíðina og það er alltaf mikið stuð þegar við komum öll saman. Svo er bara að njóta aðventunnar og stressa sig ekki að óþörfu.“

Sigrún heldur að hún hafi komið heim til Íslands öll jólin sem hún bjó úti fyrir utan tvenn. „Það var svo æðislegt að koma heim á þessum tíma og fá íslenskan jólamat og hitta fólkið sitt. Jólámót Molduxa var líka hápunktur jólanna, hvort sem maður tók þátt eða horfði á.

Að lokum óskar Sigrún öllum gleðilegra jóla og vonar að allir eigi yndislegan tíma með sínum nánustu, sem eru frábær lokaorð hjá Sigrúnu og um leið og Feykir þakkar henni fyrir spjallið bjóðum við hana og drengina hennar hjartanlega velkomna heim.



Strákarnir á kaffihúsi í Svíþjóð.



Starfsfólk

Byggðasafns Skagfirðinga
óskar samstarfsfólki,
velunnurum og viðskiptavinum

Gleðilega hátíð!



BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA
GLAUMBÆ 561 VARMAHLÍÐ S: 453 6173

Gjafakort Landsbankans

Með gjafakortinu er ekkert mál að velja réttu jólagjöfina. Þú ákveður upphæðina og sá sem þiggur velur gjöfina. Þú færð gjafakort í næsta útibúi eða á landsbankinn.is.

LANDSBANKINN.IS

Jólin koma með Kjörís



Þegar hátíð gengur í garð er nauðsynlegt að gera vel við sig og sína
– og jólaúrvalið hjá Kjörís er sérstaklega hátíðlegt í ár.
Hafðu það sætt og gott um jólin með Kjörís.





Óskar landsmönnum
gleðilegra jóla og
farsældar á nýju ári



Jólin mín

Elísabet Eir Steinbjörnsdóttir | Hvammstanga

Á notalegar minningar frá jólunum þegar ég var barn

Elísabet Eir Steinbjörnsdóttir er gift Birki Þór og eiga þau saman þrjú börn og búa á Hvammstanga. Elísabet vinnur sem sjúkraliði á Sjúkrahúsinu

UMSJÓN
Klara Björk Stefánsdóttir

á Hvammstanga.

Þú ert jólabarn, af hverju heldur þú að það sé? Ég á notalegar minningar frá jólunum þegar ég var barn og það er alltaf markmiðið hjá okkur að gera minningarnar hjá börnunum okkar góðar fyrir börnin okkar.

Hvað kemur þér í jólaskap? Þegar jólamjólkin og mandarínurnar fara koma í búðina.

Hvenær byrjar þú að jólaskreyta? Ég byrja yfirleitt á að kveikja á

ljósunum um miðjan nóvember og þá fer jólaskrautið að koma upp úr kössunum hægt og rólega.

Gefur þú margar jólgjafir? Já þær eru nokkrar, fleiri en þær þyrftu að vera en það er bara því mér finnst mjög skemmtilegt að gefa þær.

Og er búið að kaupa eitthvað af jólagjöfum? Já ég byrja alltaf mjög snemma. Á síðasta ári byrjaði ég í maí en ég var ekki alveg jafn tímanlega núna og þá.

Hvað langar þig að fá í jólagjöf? Þetta er alltaf



Elísabet greinilega komin í jólagirinn hér.

erfiðasta spurningin þar sem mig vantar ekki neitt. En það sem hittir alltaf í mark hjá mér er súkkulaði, hlýir sokkar og góð bók.

Hvert er besta jólagiði? Uppáhalds lagið mitt er *Ef ég nenni* með Helga Björns.

Hvenær tekur þú jólaskrautið niður? Eftir þrettándann.

Sendir þú jólakort? Það hefur verið á „to do“ listanum í nokkur ár hjá okkur en við höfum ekki enn komist í það. Við höfum notað rafrænar kveðjur hingað

til en vonandi getum við strikað þetta af listanum á næsta ári.

Eru föst jólaböð hjá þér og þínum? Nei, það er ekki nein föst regla á þeim.

Hvað finnst þér ómissandi að gera yfir hátíðirnar? Ég á eina heilaga stund sem ég

geri alltaf fyrir jólin. Það er að leggjast í sófann undir teppi, með konfekt í skál og jólaöl í glasi og horfa ein á uppáhalds jólamyndina mína sem er *The Grinch*. Þá mega jólin koma fyrir mér.

Kaupir þú sér jólaföt á þig og þína? Nei ég hef ekki lagt áherslu á það. Krakkarnir fá stundum ný föt fyrir jólin en við hjónin höfum sleppt því og jólakötturinn hefur látið okkur vera... 7,9,13.

Hvað er í jólamatinn? Það er misjafnt hvort það sé svínahamborgarhryggur eða létt reyktur lambahryggur. Svo er ómissandi að hafa bæði jóla- og kartöflusalatið hennar mömmu með.

Bakar þú fyrir jólin? Já við höfum alltaf bakað nokkrar sortir.

Hver er uppáhalds kökusortin þín? Lakkrístopparnir og sösurnar eru alltaf góðar.

Jólin eru... Uppáhalds tíminn minn á árinu.

RÚNALIST
RÚNALIST GALLERÍ STÓRHÓL

ÓSKUM ÞÉR GLEÐILEGRA JÓLA, ÁRS, FRÍÐAR OG FARSÆLDAR Á KOMANDI ÁRI.
TAKK FYRIR ALLAR HEIMSÖKNIRNAR Á ÁRINU.

Langir miðvikudagar til jóla:
29. nóvember opið frá kl. 12-22.
6. desember opið frá kl. 12-22.
13. desember opið frá kl. 12-22.
20. desember opið frá kl. 12-22.

Langur laugardagur:
2. desember opið frá kl. 12-22.

Opið aðra daga í desember eftir samkomulagi, S: 823 2441.

www.runalist.is | runalist@runalist.is | Runalist Gallerí Stórhól | Runalist

GLEÐILEG JÓL og farsælt komandi ár

Þökkum viðskiptin á árinu

JólaKveðja

KÞ LAGNIR

Borgarteigur 10 | 550 Sauðárkrókur

Tófrarnir eru alls staðar ef þú kúyst að sjá þá og nota þá

Jónðís Hinriksdóttir er 26 ára ljósmyndari frá Syðstu-Grund í Blönduhlíð í Skagafirði, dóttir Kolbrúnar Maríu Sæmundsdóttur og Hinriks Más Jónssonar. Jónðís er í sambúð á Akureyri með Hallgrími Mar Bergmann Steingrímssyni frá Húsavík og eiga þau einn rétt tæplega eins árs Theodór Arnar Bergmann. Stóra barnið þeirra heitir Stella og er þriðja ára franskur bolabítur. Jónðís er með BA gráðu í sálfræði en ljósmyndun hefur alltaf togað í hana og hefur hún nú ákveðið að gera hana alfarið að sinni vinnu.



Hvaðan kemur ljósmyndaáhuginn, hefur hann fylgt þér lengi? „Hann hefur fylgt mér mjög lengi, hugsa að ég hafi verið um 10-11 ára þegar ég fór að stelast í stafrænar myndavélar sem til voru á heimilinu og fara með þær út að mynda hitt og þetta. Eignaðist Canon PowerShot þegar ég var um 13 ára og svo þegar ég var 15-16 fékk ég fyrstu EOS vélina sem var Canon 60d og þá var ekki aftur snúið. Mamma mín sá bæði áhugann og hæfileika í ljósmyndun í mér og á ég henni mikið að þakka að hafa ávallt hvatt mig áfram og séð til þess að ég eignaðist mínar fyrstu vélar,“ segir Jónðís.

Hvaða græjur ertu að nota við myndatökur / ertu líka að nota myndavélar eða síma? „Ég nota Canon R6 vél og uppáhalds linsan mín er 50mm. Myndvinnslan fer svo fram í iMac og Macbook Pro í Lightroom og Photoshop.“

Getur þú sagt mér frá því hvernig ljósmyndari þú ert, hvernig myndir ertu aðalega að taka, og hvað er skemmtilegast að mynda? „Ég er alt muligt ljósmyndari. Mynda börn og fjölskyldur, meðgöngur, brúðkaup. Í raun bæði hversdagsleikann og hin ýmsu tímamót í lífi fólks. Ég vil með myndunum mínum segja sögur, þar sem það er í raun saga á bak við hverja einustu mynd. Ég vil að þegar fólk skoðar myndirnar sem ég tók fyrir það, mörgum árum seinna, að upp komi sögur sem koma af stað umræðum, gleði og tárur. Því við verðum öll á endanum sögur. Mér finnst mjög gaman að mynda heilu brúðkaupin þar sem tilfinningar eru ríkjandi þar. Ég er mjög skapandi ljósmyndari og er aðeins farin að mynda meira skapandi myndir og ætla að fara að gefa út ljósmyndaprent eftir mig.“



Jónðís.



Hver er galdurinn við að ná góðri mynd? „Bara smella. Vera ekki að ofhuga það. Töfrarnir eru alls staðar ef þú kýst að sjá þá og nota þá.“

Myndvinnsla einhver still, tækni, töfrar þar? „Stíllinn minn er svolítið „moody“, sem er kannski helst hægt að segja á íslensku að sé tilfinningalegur, ég vil að þú sjáir tilfinningarnar í myndunum mínu, upplifir þær í gegn um myndirnar. Myndvinnslan mín hefur þróast mikið í gegn um árin en frá upphafi hef ég viljað að tilfinningar og sögur séu rauði þráðurinn í myndunum.“

Miðlarnir og myndir, hvernig gengur í því umhverfi, instagram?„ Ég hef aðallega verið á instagram með myndirnar mínar og það gengur mjög vel. Það er meira en nóg að gera hjá mér.“ segir Jónðís

Mörgum þykir gríðarlega erfitt að sitja fyrir, ertu með einhver sérstök ráð til að láta fólki líða betur fyrir framan myndavélina? „Ég reyni að vera fyndin og skemmtileg og fá fólk til að líða vel í kring um mig. Annars er það bara eins og með lífið sjálf, taka því ekki of alvarlega.“

Ertu með fastmótaðar hugmyndir um myndatökuna eða gerist alltaf eitthvað spontant, einhver galdur sem gerir myndatökuna? „Ég reyni að hugsa aldrei of mikið um hverja töku fyrir sig fyrr en ég er mætt á staðinn og byrja. Ég er mjög góð í að vera spontant og ef ég reyni að undirbúa mig of mikið fyrirfram býr það bara til óþarfa kvíða hjá mér, þar sem ég er kvíðanaggur. Ég dett alltaf í gírinn um leið og ég byrja að mynda.“

Er einhver ein mynd sem þú hefur tekið sem er í mestu uppáhaldi / hvers vegna? „Myndin af brúðhjónum í veislunni sinni er allt sem ég vil að mynd eftir mig sé. Hún er lýsandi fyrir karakter þeirra og er tekin eftir að þau dönsuðu brúðkaupsdansinn. Allir voru búnir að standa upp og stóðu hring í kring um þau. Allir að dansa, gleðin var við völd, ástin um allt og lífið akkúrat þarna. Dásæmdin ein að festa þetta móment á filmu sem endist að eilífu,“ sem eru frábær lokaorð hjá þessari hæfileikaríku ungu konu, Jónðísi.



Börninsvara | klara@nyprent.is

Krakkarnir á leikskólanum Birkilundi í Varmahlíð

Víkingur Vopni 3 ára


Af hverju höldum við jólin? Til að nota jólahúfuna inni, ekki bara úti.

Hvar eiga jólasveinarnir heima? Í jólahúsi.

Hvað heitir mamma jólasveinanna? Hún heitir bara jólasveinn.

Hvað borða jólasveinarnir? Bara svona venjulegan mat eins og mömmur og börn borða.

Hvað langar þig að fá í jólagjöf? Svona til að opna og loka, eins og Valgarður á.

**Valgarður Ásgeir 5 ára**

Hvað finnst þér um jólin? Þau eru mjög skemmtileg allavegana. Gaman að fá pakka.

Hvað langar þig að fá í jólagjöf? Brúder dót svo bíla. Föt en öll fötin mín eru eiginlega alltof lítil.

Hvar eiga jólasveinarnir heima? Uppi í fjöllum og inn í kletti.

Hvað borða jólasveinarnir? Til dæmis gulrót, epli, mandarínur, perur, banana, gúrku, appelsínu í kapphlaupi.

Hvað gerir þú í jólafríinu? Leika, gefa dýrunum hey og rúllur. Renna mér á snjóbotu, borða klaka og borða snjó. Opna pakka. Borða til dæmis hangikjöt.

**Eldey Kolka 3 ára**

Af hverju höldum við jólin? Af því að okkur langar það.

Hvar eiga jólasveinarnir heima? Á Suðurlandnum.

Hvað heitir mamma jólasveinanna? Mariubjalla.

Hvað borða jólasveinarnir? Ekkert.

Hvað langar þig að fá í jólagjöf? Hjól og bangsa.

**Ægir Freyr 4 ára**

Hvað finnst þér um jólin? Skemmtileg.

Hvað langar þig að fá í jólagjöf? Eitthvað dráttarvélardót.

Hvað getur þú sagt mér um jólasveinana? Þeir bera pakka. Þeir skella hurðum.

Hvað heitir mamma jólasveinanna? Grýla, hún rænir börnum og borðar þau en hún er hætt að gera það hún Grýla.

Hvað gerir þú í jólafríinu? Sofa, ég ætla líka að leika mér og opna pakkana.

**Saga Glódís 3 ára**

Af hverju höldum við jólin? Af því ég fer í jólahúsið.

Hvar eiga jólasveinarnir heima? Í fjöllumunum.

Hvað heitir mamma jólasveinanna? Skrífla.

Hvað borða jólasveinarnir? Kannski bara kjúkling.

Hvað langar þig að fá í jólagjöf? Kubba og armband og hálsmen.



Kjarninn

HESTEYRI 2, SAUÐÁRKRÓKI

SÍMANÚMER FYRIRTÆKJA Í KJARNANUM

Tengill ehf.

☎ 455 9200

BÍLAVERKSTÆÐI

☎ 455 4570

VÉLAVERKSTÆÐI

☎ 455 4560

Jón Geirmundsson

pípulagningameistari

☎ 825 4565





Jólakveðja

Starfsfólk á Heilbrigðisstofnun Norðurlands sendir Norðlendingum og landsmönnum öllum hugheilar óskir um gleðileg jól, góða heilsu og farsæld á nýju ári.

*Óskum viðskiptavinum
gleðilegra jóla og nýárs
með þökk fyrir viðskiptin á árinu!*

Skagfirðingabúð
fyrir góðan dag

Saumaklúbburinn síungi slettir í form



UMSJÓN
Klara Björk Stefánsdóttir

Jóna Feykir hafði samband við Saumaklúbbinn síunga á Skagaströnd og spurði dómurnar nokkurra laufléttu spurninga um jólin og í leiðinni fengum við uppskriftir að alls konar góðgæti sem við mælum með að henda í og njóta um hátíðarnar.

Saumaklúbburinn síungi var stofnaður haustið 2022 og meðlimir eru Drífa Katrín, Eva Dís, Fjóla Dögg, Helena Mara,

Ragnheiður Erla, Sara Diljá, Viktoría og Þórey Fjóla. Klúbburinn er ungur eins og meðlimirnir en þrátt fyrir það hafa hittingar verið haldnir reglulega og framundan er margt skemmtilegt eins og Pallaball, rannsóknarleiðangur á hótél suður með sjó, leitinn að týndu frænkunni og margt fleira. Klúbburinn mun því hafa nóg fyrir stafni en fyrst ætla þær að baka saman fyrir jólin. Meðfylgjandi eru nokkrar frábærar uppskriftir. Njótíð vel.

SARA DILJÁ

Toblerone ís

Sara Diljá Hjálmaradóttir er gift Birki Rúnari Jóhannssyni og saman eiga þau Arnar Gísla 11 ára, Fanndísi Öldu 9 ára og Bríeti Dögg 2 ára. Sara er fædd og uppalin í Stykkishólmi en er búsett á Skagaströnd þar sem hún starfar sem skólastjóri Höfðaskóla.

Hvað kemur þér í jónaskap? Jólalög, jólaljós og samvera, til dæmis við jólakastur með fjölskyldu og vinum.

Hvenær byrjar þú að jónaskreyta? Ljósín fara upp í nóvember og annað jónaskraut í byrjun desember.

Hvað er í jólamatinn? Léttreyktur lambahryggur.

Bakar þú fyrir jólin? Já, misjafnt hvað eða hversu mikið en alltaf eitthvað.

Hver er uppáhalds kökusortin þín? Daim Sörur og mömmukökur.



Hráefni:

½ lítri rjómi
6 eggjaraúður
1 bolli púðursykur
1 tsk. vanilludropar
150 g Toblerone

Aðferð: Rjóminn er þeyttur. Eggjaraúðurnar og púðursykurinn eru þeytt vel saman og vanilludropum er síðan bætt út í. Rjóma er blandað varlega saman við eggja- og

púðursykurskvoðuna. Toblerone er brytjað niður og sett út í. Blandan er síðan sett í form og fryst.

DRÍFA KATRÍN

Súkkulaði smákökur

Drífa Katrín Þóroddsdóttir er fædd og uppalin í Hafnarfirði en býr nú á Skagaströnd þar sem hún er í sambúð með Róberti Birni Ingvarssyni.


Hvað kemur þér í jónaskap? Að hlusta á jólatónlist, hitta frænkur mínar og baka saman fyrir jólin, skreyta heimilið og svo náttúrulega jólasnjórinn.

Hvenær byrjar þú að jónaskreyta? Ég byrja yfirleitt að skreyta um miðjan nóvember og er að skreyta fram að jólum.

Hvað er í jólamatinn? Hamborgarhryggur.

Bakar þú fyrir jólin? Já, ég baka alltaf fyrir jólin.

Hver er uppáhalds kökusortin þín? Uppáhalds kökusortin mín eru Sörur.



Hráefni:

150 g mjúkt smjör
150 g púðursykur
1 egg
1 tsk. vanilludropar
180-200 g hveiti
½ tsk. lyftiduft
200 g súkkulaðibitar eða saxað súkkulaði

Aðferð: Þeytið saman smjör og sykur þar til það er orðið mjög létt og loftkennt. Bætið við restinni af hráefnunum og hrærið. Til að fá besta bragðið skaltu láta blönduna liggja yfir nótt. Setjið filmu yfir skálina eða rúllið deigi í kúlur og kælið. Skiptið blöndunni í

kúlur og radið á ofnplötur með smjörpappír. Passið að hafa gott bil á milli svo kökurnar renni ekki saman. Bakið smákökurnar í 8-10 mínútur á blæstri við 180 gráður. Kælið í 10-12 mínútur.

ÞÓREY FJÓLA

Hræð brúnterta

Þórey Fjóla Aradóttir er í sambúð með Gísla Birni Reynissyni og saman eiga þau Alexöndru Dögun 12 ára og Kristjönu Eldey 3 ára. Þórey er uppalin á Skagaströnd og í Hafnarfirði, búsett á Skagaströnd.


Hvað kemur þér í jónaskap? Jólalög, jólaljós og horfa á jólamyndir með fjölskyldunni.

Hvenær byrjar þú að jónaskreyta? Jólaljósín fara upp um miðjan nóvember, skrautið í desember.

Hvað er í jólamatinn? Hamborgarhryggur.

Bakar þú fyrir jólin? Já, yfirleitt nokkrar sortir.

Hver er uppáhalds kökusortin þín? Sörur.



Hráefni:

500 g hveiti
400 g sykur
250 g smjörliki
3 egg
3½ tsk. negull
1 tsk. kanill
2 tsk. matarsódi
3 msk. kakó
1 dl mjólk

Aðferð: Smjörliki, sykur og egg hrætt vel saman. Síðan er allt sett út í og hrætt. Skipt niður á þrjár plötur og bakað í 12-15 mín. við 200°C - ekki blástur.

Krem:

600 g flórsykur
200 g smjör
1 egg
2-3 msk. heitt vatn
2 tsk. vanillusykur
Allt sett í skál og hrætt vel og lengi.

FJÓLA DÖGG

Lakkrístoppar

Fjóla Dögg Björnsdóttir er í sambúð með Arnari Páli Guðjónssyni og saman eiga þau Auði Emmu 3 ára, Margréti Diljá eins. árs og Guðjón Darra eins árs og fyrir á Fjóla Aron Loga Svavarsson 12 ára. Fjóla Dögg er fædd og uppalin á Skagaströnd og býr þar í dag og er kennari við Höfðaskóla.


Hvað kemur þér í jónaskap? Að skreyta með fjölskyldunni, jólalögin, jólakasturinn og að horfa á jólamyndir.

Hvenær byrjar þú að jónaskreyta? Ég set jólaljósín oftast upp í nóvember en allt hitt fer upp í byrjun desember.

Hvað er í jólamatinn? Jólalúpan og léttreyktur lambahryggur.

Bakar þú fyrir jólin? Já ég geri það.

Hver er uppáhalds kökusortin þín? Loftkökurnar hennar ömmu með ískaldri mjólk.



Hráefni:

3 eggjahvítur
200 g púðursykur
150 g rjómasúkkulaðidropar
150 g súkkulaðihjúpað lakkrískurl

Aðferð: Stillið ofninn á 150°C, undir- og yfirhita. Þeytið eggjahvítur og þegar mjúkir toppar hafa myndast, bætið þá sykrinum hægt og rólega út í og þeytið þar til eggjahvítur eru stífþeyttar. Bætið súkkulaðinu

og lakkrískurlinu út í, blandið varlega saman við með sleikju. Notið tvær teskeiðar til þess að móta toppana, passið að hafa ágætis pláss á milli þar sem topparnir stækka í ofninum. Bakið í 15-20 mín.



RAGNHEIÐUR ERLA

Litlar marengsskálar

Ragnheiður Erla Stefánsdóttir er gift Birgi Má Friðrikssyni. Saman eiga þau Hafðisi Hrefnu og Hafstein Hrafn en einnig á Ragnheiður tvö börn, þau Sævar Snæ og Katrínu Rós. Ragnheiður er uppalin á Skagaströnd og er nýlega flutt aftur heim ásamt fjölskyldunni og vinnur sem löglærður fulltrúi hjá sýslumanninum á Norðurlandi vestra á Blönduósi.

Hvað kemur þér í jólaskap? Að syngja jólaög og dúllast heima við jólaundirbúning.

Hvenær byrjar þú að jólaskreyta? Engin regla á því og fer allt eftir jólastuðinu hverju sinni en ég byrja yfirleitt að tina jólaljósinn upp í lok nóvember.

Hvað er í jólamatinn? Hægeldaður lambahryggur.

Bakar þú fyrir jólnin? Ég geri ekki mikið af því og hjálpa frekar mömmu við baksturinn en að baka sjálf. Það er eitthvað við það að vera heima hjá mömmu og pabba að undirbúa jólnin.

Hver er uppáhalds kökusortin þín? Mömmukökurnar hennar mömmu.



Hráefni: 3 stk. eggjahvítur
150 g sykur

Aðferð: Þeytið eggjahvítur. Blandið sykrinum svo varlega saman við og þeytið þar til blandan er orðin vel stíf. Mótið skálar á bókunarpappír, gott að nota matskeið, uppskriftn passar fyrir 6-8 góðar skálar. Bakið á 110 gráðum í 30 mínútur og látið skálarnar kólna í ofninum án þess að opna hann. Fyllið skálarnar að lokum með rjóma, Mars súkkulaði, berjum og toppið með karamellusósu (heit íssósa frá Kjörís).

VIKTORÍA

Konfekttoppar

Viktória Lýósóttir Hirst er í sambúð með Ragnari Má Björnssyni og saman eiga þau dæturnar Kristínu Jöklu, 4 ára og Katrínu Jakey, 9 mánaða. Viktória vinnur sem hársnyrtir á Hárstofunni Vivu á Skagaströnd. Hún hefur unnið þar síðan fjölskyldan flutti norður fyrir tveimur árum en áður bjuggu þau í Reykjavík þar sem Viktória er uppalin.


Hvað kemur þér í jólaskap? Jólátónlist og piparkökubakstur hittir alltaf í mark.

Hvenær byrjar þú að jólaskreyta? Mjög misjafnt en við kveiktum á seríunni á húsinu nú í október til að lýsa örliðið upp skammdegið og myrkríð. Það er allt betra með smá ljósum. Hins vegar byrja ég ekki að setja upp skrautið sjálf og seríur í glugga fyrr en í lok nóvember - byrjun desember.

Hvað er í jólamatinn? Jólásúpa og hamborgarhryggur.

Bakar þú fyrir jólnin? Já örliðið. Hef undanfarið verið að vinna með lakkristoppa og sósur.

Hver er uppáhalds kökusortin þín? Gömlu góðu sórunar með nógu af kremi.



Hráefni: 3 eggjahvítur
200 g púðursykur
300 g Appollo lakkrisconfekt
150 g Nóa Sírius Bismark rjómasúkkulaði

Aðferð: Stífpeytið eggjahvítur og púðursykur. Saxið súkkulaðið og lakkrisconfektið í hæfilega

stóra bita. Blandið lakkrisconfekti og súkkulaðinu varlega saman við stífpeyttu marengsblönduna. Látið á plötu með skeið. Bakið í miðjum ofni á blæstri við 150°C í 20 mínútur, en fylgist vel með því hiti og tími getur verið mismunandi eftir ofnum.

HELENA MARA

Marmarasmákökur

Helena Mara Velemir er ógift en segist vera að biða eftir stóru spurningunni frá sambylismanninum sínum honum Elvari Geir Ágústssyni. Hún á eina dóttur úr fyrra sambandi, Láreyju Maru sem er 12 ára og svo á fjölskyldan hundinn Mola. Helena starfar við alls konar, samfélagsmiðla, grafíska hönnun, ljósmyndun og viðburðastjórnun og heldur bara að starfsheitið sem passar henni best sé athafnakona. Helena er fædd og uppalin á Skagaströnd og er búsett þar í dag. **Hvað kemur þér í jólaskap?** Halloween nei djókl! Það er bara alltaf svo stutt í jólnin þegar Halloween klárast. En ég myndi segja að aðalstemningin sé að fara upp á loft og sækja skrautið og fara yfir hvað verður notað og hvort ég þurfi ekki að kaupa eitthvað meira!

Hvenær byrjar þú að jólaskreyta? Mér finnst fyrsti í adventunni vera „prime time“ til að skreyta en stundum er ég löðöngu búin fyrir það og stundum er ég á eftir áætlun.

Hvað er í jólamatinn? Hamborgarhryggur, fermingarfranskar, bernaisesósa og rjómasalat með súkkulaðispæni.

Bakar þú fyrir jólnin? Já auðvitað! Það er alveg móst að fá kökuilminn í húsið.

Hver er uppáhalds kökusortin þín? Brúnterta, Daim-sósur og marmarasmákökur – en annars finnst mér þetta allt gott í bland og erfitt að gera upp á milli.



Hráefni: 200 g hveiti
1 tsk. vanillusykur
200 g smjör
100 g flórsykur
2 msk. kakó

Aðferð: Hrærið smjör og sykur vel saman, bætið síðan vanillusykrinu og hveiti út í. Skiptið deiginu í tvennt og

setjið kakóið í annan helmunginn. Gerið eina lengju úr ljósa deiginu og aðra úr dökka, síðan er þeim rúllað saman. Gott er að kæla deigið vel áður en það er skorið í bita og sett í ofninn. Bakið við 180 gráður í 11 mínútur – best að leyfa kökunum að kólna á plötunni.

EVA DÍS *Sörur*

Eva Dís Gunnarsdóttir er búsett og uppalin á Skagaströnd og er í sambúð með Friðþór Sveinssyni og saman eiga þau Öldu Katrínu og Gunnar Inga.


Hvað kemur þér í jólaskap? Það eru samverustundirnar, að undirbúa jólnin, skreyta, hlusta á jólaög og baka.

Hvenær byrjar þú að jólaskreyta? Í byrjun desember.

Hvað er í jólamatinn? Það er humar í forrétt og hamborgarhryggur.

Bakar þú fyrir jólnin? Já, ég baka nokkrar sortir fyrir jólnin.

Hver er uppáhaldskökusortin þín? Sörur og Daim kökur.



Marengs:

4 stk. eggjahvítur
250 g flórsykur
300 g möndlur, án hýðis
hálf tsk. möndludropar

Krem:

6 stk eggjarauður
150 g sykur
150 ml vatn
370 g smjör við stofuhita
3/4 tsk. kakó

Súkkulaðiþjúpur:

300 g dökkat súkkulaði
1 msk. ólífuolía

Aðferð: Best að gera kremið fyrst og kæla það. Stillið ofninn á 180 gráðu hita og setjið smjörpappír á tvær bókunarpötur. Setjið vatn og sykur saman í pott yfir meðal háan hita og látið suðuna koma upp. Hrærið í u.þ.b. 5-7 mínútur þar til þetta þykknar og verður að sírópi þegar það kólnar. Takið pottinn af og kælið. Þeytið eggjarauður þar til þær verða ljósar.

Hellið sírópinu rólega saman við og hrærið á meðan. Bætið smjörinu saman við, en mikilvægt að smjörin sé við stofuhita. Hrærið þar til kremið er orðið slétt og fint. Blandið kakói út í ásamt skyndikaffi, gott er að mylja kaffið aðeins svo það verði finna. Hrærið vel saman og kremið verður slétt og fint. Setjið inn í ísskáp á meðan þið bakið marengsinn.

Marengs: Hrærið eggjahvítur þar til þær freyða. Blandið flórsykri við og hrærið þar til marengsinn verður stífur og stendur, bætið möndludropum saman við og hrærið vel. Hakkið möndlurnar, blandið saman við og hrærið. Hægt að nota tvær skeiðar og setja um 1 msk. í hverja köku á smjörpappír. Gott að setja hringlaga stút í sprautupoka eða klippa stórt gat og setja

marengsinn ofan í pokann og sprauta honum á plötunna. Þannig verða þær fallegar í laginu og allar jafn stórar. Bakið við 180 gráðu hita í 10-12 mínútur. Kælið kökunna alveg áður en þið setjið kremið á þær. Ég set kremið á þá hlið sem snýr upp þegar ég tek þær út úr ofninum því þá standa þær svo vel. Gott er að setja 1-2 tsk. af kremi, eða meira fyrir þá sem vilja. Einnig er gott að setja kremið í sprautupoka og klippa stórt gat, sprauta svo kremi á hverja köku og slétta svo úr því. Kælið kökunna.

Súkkulaðiþjúpur: Setjið súkkulaðið í skál ásamt olíunni og setjið inn í örbylgju í um 30 sek. Hrærið á milli og hitið þar til súkkulaðið hefur náð að bráðna. Dýfið hverri köku ofan í súkkulaðið. Geymið kökunna í kæli eða frysti.

Jólin mín

Elín Ósk G. | Blönduósi

Yfirleitt búið að skreyta ekki seinna en fyrsta í aðventu**Elín Ósk er gift Kristó sínum og eiga þau fjögur börn og tvo hunda. Elín Ósk vinnur í Lyfju**UMSIÓN
Klara Björk Stefánsdóttir**Blönduósi.****Þú ert jólabarn, af hverju heldur þú að það sé?** Ég held að jólabarnið komi upp í okkur öllum fyrir börnin okkar.**Hvað kemur þér í jólaskap?** Jólaskapið kemur með jólaljósunum, kertaljósum og ilminum af nýbökkuðum engifer smákökum sem færa hugann beint á Mýró 10 til ömmu og afa.**Hvenær byrjar þú að jólaskreyta?** Það er allur gangur á því hvenær ég byrja að skreyta. Stundum snemma í nóvember og stundum

korter í jól. Það fer svolítið eftir því hvernig jólin eru hjá okkur. Ef við erum heima um jólin þá er nú yfirleitt búið að skreyta ekki seinna en á fyrsta í aðventu.

Gefur þú margar jólgjafir? Já, ég gef fullt af jólagjöfum. Sælla er að gefa en þiggja.**Og er búið að kaupa eitthvað af jólagjöfum?**

Ætli það megi ekki segja að ég sé byrjuð að kaupa þær nú þegar, ég fann nokkrar inni í skáp um daginn sem ég keypti fyrir jólin í fyrra en fann þær greinilega ekki þá. Kemur sér vel núna.

Hvað langar þig að fá í jólagjöf? Míg

Elín Ósk.

langar rosalega mikið í infrarauðan klefa, blikk blikk á Kristó.

En besta gjöfin er klárlega samveran með fjölskyldum okkar.

Hvert er besta jólagið?Uppáhaldsjólagið er *Dansaðu vindur* með Eivör og *Ef ég nenni*.**Hvenær tekur þú jólaskrautið niður?**

Jólaskrautið er tekið niður í janúar en ljósin fá þó að vera áfram.

Sendir þú jólakort?

Því miður sendi ég ekki jólakort lengur eftir að samfélagsmiðlarnir komu til sögunnar. Það er synd að þessi siður sé að detta upp fyrir. Þetta var ótrúlega notaleg stund, að lesa jólakortin þegar að krakkarnir voru búin að jafna sig eftir allan spenninginn eftir að jólagjafirnar voru teknar upp.

Erú föst jólaboð hjá þér og þínum?

Það er ekkert heilagt í jólaboðum hjá okkur, við reynum bara að hitta fólkið okkar sem mest um jólin og njóta þess að vera saman.

Hvað finnst þér ómissandi að gera yfir hátíðirnar? Það sem er

algjörlega ómissandi yfir hátíðirnar er að borða heitar smákökur og ískalda mjólk með.

Kaupir þú sér jólaföt á þig og þína?

Nei ég kaupi nú ekki sér jólaföt á okkur, en bæti auðvitað við ef eitthvað vantar. Blessuð börnin stækka svo hratt.

Hvað er í jólamatinn?

Við erum ekki með fasta hefð í jólamatnum, en svona uppáhalds hjá okkur er villibráð og hamborgarhryggur.

Bakar þú fyrir jólin?

Já, ég baka alltaf eitthvað fyrir jólin. Það er vinsælast að baka lakkrístoppa, þeir eru búnir til nokkrum sinnum fyrir jól, þeir klárast alltaf um leið.

Hver er uppáhalds kökusortin þín?

Uppáhaldskökurnar mínar eru súkkulaði bitakökur og engiferkökur.

Jólin eru... hátíð samveru og þakklætis.*Láttu ekki norsku jólakökuna framman hjá þér fara þessi jólin!**Jóla og nýárskvedjur, Sauðárkróksbakari.*

Eftirlæti snyrtistofa & verslun

Við sérhæfum okkur í hágæða vörum og þjónustu. Full búð af fallegum gjafahugmyndum.

- Snyrting - Gjafabréf - Garn - Húðvörur

Vantar þig tíma í snyrtingu fyrir jólin? Það er einfalt að panta tíma hjá okkur í gegnum noona appið.

Sjáumst, Ólína, Þorgerður og Helgarut

Aðalgata 4 - 550 Sauðárkróki - eftirlaeti.is - rendur.is

Gledileg jól & farsælt komandi ár

Pökkum viðskiptin á árinu sem er að líða



Kaupfélag Vestur Húnavetninga - Strandgata 1 • Sími 455-2300



Kjötafurðastöð

*óskar viðskiptavinum nær og fjar
gledilegra jóla og farsældar á nýju ári*



Lét draum rætast og fór í blómahönnun

Á haustdögum fór Farskólinn á Króknum af stað með námskeiðið *Að búa til þinn eigin krans* þar sem blómahönnuðurinn og eigandi blómaverkstæðisins Salvía fór á kostum og kenndi undirstöðuna í hurðakransagerð. Var þetta námskeið haldið víðs vegar um Norðurland vestra og var hreint út sagt alveg frábært, vel heppnað og allir fóru glaðir og sælir heim með flottan haustkrans til að gleðja augað. Konan á bak við námskeiðið er Alma Lilja Ævarsdóttir sem býr á Akureyri og er þar með vinnustofuna sína í hlöðu, baka til við Þórunnarstræti 97. Alma er einnig með Facebook-síðu og Instagram-síðu undir nafninu Salvía en þar hefur hún verið fólki til aðstoðar og ráðlagt því varðandi allt sem viðkemur blómum og skreytingum, jafnt við útfarir, hjónaband og fermingar svo eitthvað sé nefnt, bæði hefðbundið og óhefðbundið.

VIÐTAL

Sigríður Garðarsdóttir

Hvenær stofnaðir þú Salvía?

„Fyrirtækið mitt, Salvía, er átta ára gamalt akkúrat um þessar mundir og ég stofnaði það á Húsavík sem gjafavörverslun. Þar var ég einnig með málverkin mín og ljósmyndir frá mér í boði ásamt blómum en hefur með tímanum þróast yfir í vinnustofu með sveigjanlegan opnunartíma sem er alltaf opin á netinu.“



Hvað ertu búin að vera lengi í blómabransanum og hvernig kom það til að þú fórst út í þetta nám?

„Ég byrjaði líklega að vinna kringum 1996 í blómabúð og opnaði svo mitt eigið fyrirtæki árið 2015. Áhugi minn á náttúrunni, og þar með blómum, hefur alltaf verið hluti af mér og ég hef sótt til hennar bæði meðvitað og ómeðvitað. Ég sæk mikið af hráefni í náttúruna og er stöðugt að sjá fyrir mér trjábúta eða plöntu, grein eða stein sem myndi smellpassa í verkefni sem ég er að vinna að, eða ég er með í kollinum. Mér er minnisstætt þegar ég var sem barn að brasa við að koma saman blómahárkransi úr sóleyjum, fíflum, hundasúrum og stráum sem mig langaði virkilega að bera, hvað það gekk ansi brösuglega að fá hráefnið til að hanga einhvern veginn saman.“

Ég var að þræða blóm með stoppunál á band eða strá og búa mér til

hálsmen, gera moldarhring og stinga blómum og greinum í til skrauts eða að stúdera „æðar“ í rabbarbarablaði. Það var alltaf þessi þörf fyrir að skapa eitthvað þá og nú. Ég var sem sagt töluvert í eigin heimi og gat vafrað um tímunum saman í sveitinni að skoða mig um, oft með stækkunargler og vasahníf sem staðalbúnað. Það hefur lítið breyst nema nú hef ég náð tökum á kransagerðinni en góður hnífur og klippur eru alltaf við höndina í dag.“

Páfagaukurinn Mangó tældi Ölmum inn í Barónessuna

„Breytingar á högum mínum fyrir nokkrum árum urðu til þess að ég tók ákvörðun að nú væri rétti tíminn til að láta draum, sem ég hafði átt innra með mér rætast, og fara í nám og læra blómahönnun, ekki seinna vænna þar sem ég var komin vel á sextugsaldur. Eins og gengur var að ýmsu að hyggja við flutninga landshluta á milli og í einni suðurferðinni er ég á göngu á Laugaveginum þegar ég heyri garg í páfagauk sem virtist engan endi ætla að taka og ég af einhverri rælni gekk á hljóðið sem kom úr húsi á Barónsstíg. Þar í dyrunum stóð agnarsmár hvítur hundur í varðstöðu og við búðarborðið stóð maður og setti saman blómvönd. Þarna var fiskabúr, falleg frágengin blóm í vösum, framandi myndir á veggjum, málverk, og listmunir, útskorin húsgögn og speglar, reykelsisangan og óvenjulegar

og fallegar blómaskreytingar. Klassískir tónar ómuðu og páfagaukurinn gargaði meðan hljóðlátur kanarífugl sat og andæfði hinn rólegasti á sínu priki. Til að gera langa sögu stutta þá var það fuglinn Mangó sem dró mig með garginu að Barónessunni (sem var blómabúð). "Síðar í samtali okkar kemur fram að maðurinn við búðarborðið reyndist vera Guðmundur A. Þorvarðarson, blómaskreytir, sem rak búðina ásamt eiginmanni sínum,

Vilhjálm Guðjónssyni, eða Bói og Villi eins og þeir eru gjarnan nefndir. Í kurteisisspjalli okkar (Guðmundar og Ölmum) segist hann vera að leggja lokahönd að undirbúningi skóla fyrir tvo til þrjá nemendur í blómahönnun hjá sér sem hæfist þá um haustið. Ég náði andanum og kom því upp úr mér að ég væri að vinna að því að koma mér suður til náms. Inn komst ég um haustið og vorum við tvær sem útskrifuðumst.“



Aðeins um námið og listina

„Í náminu var áhersla lögð á að þekkja, í gegnum söguna, mismunandi stíla í skreytingum, tískustrauma sem tengjast blómum og ýmis listform t.d. myndlist þar sem sjást tilkomumiklar blómaskreytingar og ávextir í málverkum. Á endurreisnartímum t.d. sem hófust á Ítalíu og er Flórens (blómaborgin) heimaborg margra frumkvöðla þess tímabils í listum og menningu, þó blómaskreytingar séu þekktar langt aftur um aldir, eru þær hafnar til vegs og virðingar á Ítalíu þess tíma og t.d. er farið að hanna ker og vasa sérstaklega fyrir blóm og skreytingar. Straumarnir berast svo um Evrópu þar sem áhugi á blómum fær aftur líf og blóm eins og liljur (þjóðarblóm Ítalíu) urðu sýnileg víða í alls kyns list.

Hvernig var aðdragandinn að því að vera með kransnámskeið? „Aðdragandinn að námskeiðahaldinu var eiginlega sá að vinkona mín, Linda Pétursdóttir, sú eina sanna, pantaði hjá mér haustkrans og póstaði mynd af honum á samfélagsmiðlum og í framhaldinu fóru pantanir í kransa og fyrirspurnir að hrynja inn.

Eftirspurnin jókst enn frekar þegar ég gerði jólakrans og lét mynd fylgja fyrir Magasínið með Lindu Pé samhliða kynningu á sjálfri mér sem konu í lífsþjálfunarþrógrammi Lindu, LMLP, sem ég hef verið í alveg frá upphafi. Í framhaldinu kviknaði sú hugmynd hjá mér að kannski hefði fólk áhuga á að læra að gera sinni eigin krans svo ég hafði samband við Símei til samvinnu og námskeiðin fylltust hver af öðru, biðlistar kölluðu á aukánámskeið og hef ég kennt hér og þar síðan og alltaf jafn gaman og ánægjulegt þegar fólk lyftir upp sínum kransi, sínu handverki, stolt og ánægt.“

Hvernig gengur námskeiðið fyrir sig? „Fólk mætir á staðinn, ég kem með allt hráefni og við erum saman í um fjórar klukkustundir, allt að 10-12 manns, að læra og njóta og hvert og eitt fer heim með fullbúinn krans. Námskeiðin sem ég hef haldið frá því í haust eru kennsla við að gera hurðakransa, bundna laufi og greni í grunninn og inn á milli með því sem í boði er hverju sinni, sem sagt haustkransa og vetrar/jóلكransa. Ég kenni handverkið og tæknina, ræði um söguna, litina og efniviðinn eins og tími gefst

til jafnframt því að sinna hverju og einu eins vel og ég get. En kransa geri ég á ótal vegu, úr flestu hráefni, allt eftir tilefni og óskum. Blómaskreytingar og hönnuðir eru með fólki í gleðinni og sorginni og allt þar á milli. Kransinn (hringformið) er tákni um hið eilífa líf sem hefur hvorki upphaf né endi og er ætíð bundið eftir sólargangi. Blóma- og laufkransar eru taldir til elstu blómaskreytinga og saga þeirra nær allt aftur til forn Egypta og til gamans þá var íþróttafólk á fyrstu Ólympíuleikunum verðlaunað með olívukransi (kotinos) um höfuð og þeir kransar nefndir þá og nú sigurkransar.“

Hvenær fer blómaskreytingakonan að huga að jóllum?

„Ég fer að huga að jóllum í september, undirbúa og sjá hvað er fram undan og leggja línurnar. Ég er jólabarn og finnst þessi tími heillandi og rómantískur. Jólaskrautið á heimilinu mínu er ekki svipur hjá sjón miðað við það sem var og allt var skreytt upp í rjáfur. Í dag ríkir meiri ró yfir heimilinu, ég hef uppi skraut sem tengir mig við eitthvað ákveðið eins og til dæmis útskorinn jólasvein frá honum afa mínum og skraut sem ömmustelpurnar mínar

gefa mér og stundu m slæðist eitthvað ferskt og freistandi með heim.“

Á síðasta ári var ég í Danmörku um jólin, því þar býr einkasonur minn ásamt tengdadóttur og ömmustelpunum mínum tveim, og var því lítið um skreytingar eins og ég er vön, en svo var farið alla leið með glitrandi glamúr á gamlárskvöld. En annars eru afskorin blóm ómissandi og mikið af þeim, jólaborðið er alltaf blómum og kertum skreytt og verður gjarnan til eftir því sem er til og jafnóðum og lagt er á borð, annað hvort sem skreyting, vendir eða annað, þó

búin að velja litina fyrirfram. Ég er stöðugt að breyta skreytingum allt eftir því sem mér dettur í hug, færa þær til og frá og svoleiðis.

Að lokum óska ég öllum gleðilegrar jólahátíðar og afslappaðrar adventu.“

Feykir þakkar Ölmú Lilju fyrir spjallið og óskar henni gleðilegra jóla.



Liðugri & liprari á besta aldri



Töfrar túrmeriks og virknin úr magnesium vinna vel saman á einstakan hátt

Góð blanda náttúrulegra bætiefna fyrir vöðva, liði, brjósok og bein

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

velaval.is
alltaf opin!

Allt fyrir gæludýrið

Óskum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.
Þökkum viðskiptin á því liðna.

Verkfæri

Hestavörur og fatnaður

Sendum um land allt!

VÉLAVAL

Sími: 453 8888 - Opíð virka daga kl. 9-17 | Við Norðurlandsveg - 560 Varmahlíð

Jólasurning Jólabláðsins

| gunnhildur@feykir.is

Hvert er uppáhalds jólalagið?



Sæþór Már Hinriksson

„Uppáhalds jólalagið mitt er lagið **Fimm mínútur í jól** sem Valdimar og félagir í LÓN gáfu út fyrir seinustu jól. Ætli það sé ekki uppáhalds vegna þess að það lýsir og myndar þá stemningu sem ég vonast til að upplifa og skapa á mínu heimili í framtíðinni.“



Valdís Valbjörnsdóttir

„Vá það er erfitt að velja bara eitt! Ég á mörg uppáhalds jólalög, en núna ætla ég að velja **Jólin eru að koma** með Í svörtum fötum. Það kemur mér alltaf í mikið jólaskap!“




Dagný Erla Gunnarsdóttir

„Lagið **Það snjóar** er án efa uppáhalds jólalagið mitt! Textinn er svo undurfallegur og lagið sjálft ekki verra! Ég kemst allavega alltaf í jólaskap við að hlusta á þetta lag.“



Sigvaldi Helgi Gunnarsson

„Þau eru nokkur sem eru í uppáhaldi hjá mér. Dengsi og Hemmi með **Það er alveg dagsatt** minnir mig á jólahreingerninguna, **Driving home for Christmas** með Chris Rea er líka skemmtilegt í bílinn þegar maður er á leiðinni heim, svo er voða ljúft að hlusta á eitthvað eins og **Það snjóar** með Sigga Guðmunds svona korter í jól.“




Eysteinn Ívar Guðbrandsson

„Ég verð að segja lagið **Gleði og friðarjól** með mínum manni, Pálma Gunnarssyni, þetta er virkilega flott lag og textinn fallegur og svo er Pálmi rúsinan í pylsuendanum og syngur þetta af eintómri snilld.“



Malen Áskelsdóttir

„Úff svo mörg! En nýja uppáhalds er **Christmas Without You** með Dolly Parton, reyndar ekki nýtt lag en ég hafði aldrei heyrt það þangað til í fyrra þegar ég var beðin um að syngja það á Jólin Heima tónleikunum. Við Róbert sungum það saman og það var svo gaman að æfa og flytja það.“



Gunnar Hrafn Kristjánsson

„Ég held að ég þyrfti að segja **Það snjóar** með Sigurði Guðmundssyni og Memfismafiunni, ástæðan fyrir því er einfaldlega sú að melóðían er virkilega falleg og gripandi. Textinn hans Braga Valdimars geggjaður! Kann alltaf að meta jólalög þar sem orðið jól er ekki ofnotað.“



Róbert Smári Gunnarsson

„Fyrsta sem mér dettur í hug akkúrat núna er, **Engin jól án þín** flutt af Stefani Hilmars, textinn er svo fallegur og myndrænn og lagið frábært.“

AÐSENT | Rúnar Kristjánsson

Kolskeggur

Menn gleyma sér svo yfir Gunnari sem görpunum flestum er kunnari, og reifa svik hans í rómantík, það ræður hjá flestum venja slík.

Þeir lofa það sem ei lofa ber og lyfta Gunnari í öllu hér, en sjá ekki atgervi annars manns, hins ágæta Kolskeggs bróður hans.

Hann níddist aldrei á neinu því sem náði að búa hans máli í, þar göfgin og manndáðin hugarhrein frá háleitum anda og tryggum skein.

Hann kaus að standa við öll sín orð og yfirgaf frændur, vini og stord, til þess að gildi hin gerða sátt, en Gunnari fórst á annan hátt.

Hann kvaddi og sigldi Fróni frá og ferilinn síðan týndan á. En þó var vitað í þraut sem leik að þar fór maður sem aldrei sveik.

Sendum íbúum Skagafjarðar og viðskiptavinum okkar bestu jóla- og nýárskeiðjur



Jólin mín

Tumi Þór Þormóðsson | Hvammstanga og Sauðadalsá

Helst vil ég alltaf hafa jólas kraut

Tumi Þór Þormóðsson er fæddur 18. janúar 2009. Tumi býr í Húnaþingi vestra og er í 9. bekk í Grunnskóla Húnaþings vestra.

jólasokka.
Hvert er besta jólagiöð?
Snjókorn falla og í skóginum stóð kofi einn.
Hvenær tekur þú jólas krautið niður? Eftir áramótin, helst vil ég alltaf hafa jólas kraut.

Sendir þú jólakort? Já, í skólanum.
Eru föst jólaboð hjá þér og þínum? Já, hjá ömmu Þóru og ömmu Báru til dæmis.
Hvað finnst þér ómissandi að gera yfir

UMSIJÓN
 Klara Björk Stefánsdóttir

Þú ert jólabarn, af hverju heldur þú að það sé? Allt sem er JÓLA gerir mig glaðan.
Hvað kemur þér í jólas kap? Jóla ljós, jólas kraut, jóla lög, jólas veinar og allt jóla!
Hvenær byrjar þú að jólas kreyta? 1. nóvember í síðasta lagi.
Gefur þú margar jólgjafir? Foreldrum, systkinum og ömmum og öfum.
Og er búið að kaupa eitthvað af jólagjöfum? Já.
Hvað langar þig að fá í jólagjöf? Jólas veinabúning og



Ætli Tumi verði heppinn og fái jólas veinabúning í jólagjöf í ár?

hátíðirnar? Borða mat og opna pakka.
Kaupir þú sér jólaföt á þig? Nei.
Hvað er í jólamatinn? Hamborgarhyggur og pepsi.
Bakar þú fyrir jólin? Já, nokkrar smákökusortir.
Hver er uppáhalds kökusortin þín? Mömmukökur, súkkulaðibitakökur og brún lagterta.
Jólin eru... lang lang besti tími ársins!

Gleðileg Jól

Bestu jóla- og nýársóskir til viðskiptavina nær og fjar með þökk fyrir viðskiptin á líðandi ári. Hátiðarkveðjur frá Léttitækni

LÉTTITÆKNI EHF

sígilt útlit

Sérsmíði innréttinga og faglegur metnaður hefur verið aðalsmerki okkar um árabil.

Vandaðar skúffubrautir, lamir og þykkan kantlímingar eru aðeins nokkur af einkennum okkar.

Við framleiðum gæðainnréttingar þar sem sígilt útlit og vönduð vinnubrögð fagmanna eru höfð í fyrirrúmi.

Leitin að réttu lausninni hefst hjá okkur...

TRÉSMÍÐJAN BORG
 TRÉSMÍÐJAN Borg ehf
 Borgarmýri 1 550 Sauðárkrúkur
 Sími 453 5170 tborg@tborg.is

NYPRENT ehf.

Slysavarnir

Tryggjum augnablikið

Réttur öryggisbúnaður
getur skilið á milli
gleðilegs nýárs og
alvarlegra slysa. Notum
hlífðargleraugu og förum
eftir leiðbeiningum.

Góða skemmtun.

SJÓVÁ



Skrifaði bækurnar við skrifborðið í Prestshúsinu í Glaumbæ

Fyrir jólin 2021 gaf Byggðasafn Skagfirðinga út bókina Sumardagur í Glaumbæ og er söguvið bókarrinnar Glaumbær á seinni hluta 19. aldar. Bókin er að mestu byggð á frásögnum af fólki sem bjó í Glaumbæ og í Skagafirði á þeim tíma. Nú á dögnum kom út önnur bók frá Byggðasafninu sem nefnist Vetrardagur í Glaumbæ og er framhaldssaga af fyrri bókinni. Þar er Glaumbær sveipaður vetrarbúningi og haldið er áfram að fylgjast með sögupersónunum, Jóhönnu og Sigga ásamt heimilishundinum Ysju við jólaundirbúninginn. Feykir setti sig í samband við Berglindi og spurði hana nánar út í útgáfunar.



Jérémy og Berglind við útgáfu fyrri bókarrinnar. MYNDIR AÐSENDAR.

VIÐTAL OG UMFJÖLLUN
Gunnhildur Gísladóttir
Sigríður Garðarsdóttir

Það má segja að upphaflega hugmyndin að þessum bókum hafi kviknað þegar listamaðurinn Jérémy Pailler, sem á heiðurinn að gullfalleghum málverkum bók-anna, dvaldi í listabúðum í Kakalaskála árið 2019, en hann á einnig listaverk þar. Berglind og Jérémy kynntust því í Kakalaskála og þegar hann heimsótti Glaumbæ heillaðist hann af bænum og fékk hugmyndina að fyrstu bókinni, Sumardegi í Glaumbæ. Eftir nokkur samtöl á milli Berglindar og Jérémy mótaðist hugmyndin og urðu þau sífellt spenntari fyrir henni en þá var næsta skref að sækja um styrki svo hægt væri að byrja á bókinni.

Þegar Berglind hófst handa við heimildarvinnu fyrir textaskrifin sá hún að nægur efniviður var til, mikið af frábærum sögum og áhugaverðu fólki til að leggja út frá. Persónur bókanna eru byggðar á lýsingum í Skagfirzskum æviskrám, ævisögum, Skagfirðingabók og ísmús.is svo dæmi sé tekið. Einnig leitaði Berglind eftir myndum til að senda Jérémy svo hann gæti stuðst varðandi útlit fatnaðs og gripa, hvernig

Glaumbær leit út undir lok 19. aldar o.s.frv. Þegar helsta heimildaröflun fyrir bækurnar var lokið hafði hún þann háttinn á að eyða nokkrum kvöldstundum í gamla bænum, settist þá við skrifborðið í Prestshúsinu og þá skrifuðu sögurnar sig nánast sjálfar segir Berglind.

„Samstarf okkar Jérémy hefur verið einstaklega gott og við verið mjög samstiga í því hvernig við höfum viljað sjá útkomuna. Þá kom auðvitað fljótlega upp sú hugmynd að gefa út framhaldssöguna Vetrardagur í Glaumbæ, þar sem Glaumbær er sveipaður vetrarbúningi og við fylgjumst með Jóhönnu, Sigga og heimilishundinum Ysju við jólaundirbúning. Með útgáfu bókarrinnar gefst gullið tækifæri til fræðslu með því að veita innsýn í líf fólks sem bjó í torfbæjum á árum áður út frá sjónarhorni barnsins. Vetrarmánuðum fylgdi annar taktur en sá sem er gerð skil í Sumardagur í Glaumbæ en að þessu sinni verður fókúsin á stúlku, barnabarn prestsins, og vetrarverkin sem snérust ekki síst um handavinnuna sem fór fram í baðstofunni. Þá erum við komin með skemmtilega speglun á bókina sem nú þegar er komin út: sumar og vetur,

drengur og stúlka og ólíkar stéttir þ.e. sonur vinnufólks og barnabarn prests,” segir Berglind.

Hefur gengið vel með Sumardagur í Glaumbæ?

„Alveg ótrúlega vel, hún hefur fengið frábærar viðtökur! Bækurnar komu út á fjórum tungumálum, íslensku, ensku, þýsku og frönsku. Erlendu tungumálin seljast mjög vel í safnbúðinni í Glaumbæ. Eintökín af íslensku bókinni eru að klárast og útlit fyrir að við þurfum láta prenta meira af henni. Það er mjög ánægjulegt þegar við heyrum af því þegar verið er að nota bækurnar í skólum. Hún er einmitt skrifuð með það í huga að hún geti nýst við kennslu, til dæmis eru

orðaskýringar við ýmis orð sem ekki lengur eru í daglegri notkun, líkt og lokrekka, stekkur, tólkarkerti svo dæmi sé tekið. Sérstaklega gaman er að heyra sögur af börnum sem eru mjög spennt að heimsækja söguviðið Glaumbæ, skoða torfbæinn þar sem „Siggi og Jóhanna áttu heima í alvörunni.“

„Sérstakar þakkir fyrir dýrmæta aðstoð við gerð bókarrinnar fá Ásta Hermannsdóttir, Bryndis Zoëga, Gísli Laufeyjarson Höskuldsson, Hrönn Birgisdóttir, Inga Katrín D. Magnúsdóttir og Swanhild Ylfa Leifsdóttir, starfsfólk Byggðasafns Skagfirðinga. Evelyn Ýr Kuhne



og Íris Olga Lúdvíksdóttir fyrir þýðingu yfir á þýska og enska tungu og Sigríður Sigurðardóttir, Laufey Leifsdóttir, Hildur Gestsdóttir og Felicia Anfuso fyrir yfirlestur og góðar ábendingar. Sérstakar þakkir færi ég Jérémy Pailler fyrir dásamlega gott og gefandi samstarf! Uppbyggingsjóður SSNV og Safnasjóður hefur styrkt útgáfu beggja bóka og erum við mjög þakklát fyrir, segir Berglind að lokum.”

Brot úr Vetrardagur í Glaumbæ



Jóhanna og Siggi luku við laufbrauðin og amma bar þau inn í eldhús og steikti upp úr tólk. Ilminn lagði um allan bæinn. Hangikjötið hékk ofan við hlóðirnar í eldhúsinu og Jóhanna fékk vatn í munninn við tilhugsunina um að smakka á því um jólin, ásamt laufbrauðinu. „Farðu nú í fjósið, Jóhanna mín, og semdu við kýrnar um að fá hjá þeim hländ,” sagði mamma við Jóhönnu. „Það stytst í jólabaðið

og hárvottinn.“
Þau röltu niður að útihúsunum og þegar komið var inn í fjósið gripu Jóhanna og Siggi hvort sína fótuna og biðu færir. „Fyrsti til að ná kúahlendi vinnur!” sagði Siggi og tók á sprett með fótuna þegar kýr byrjaði að miga á endabásnum. Hún hafði lokið sér af þegar Siggi kom loks að henni. Þá byrjaði önnur kýr að miga á hinum endabásnum. Jóhanna og Siggi tóku

bæði á rás, en Siggi var sneggri til og skaut fótunni undir bununa þar til hún var næstum full.
„Ætla þú virkilega að setja þetta í hárið á þér?” spurði Siggi Jóhönnu á meðan hann horfði ofan í fótuna yggldur á svip. Heit og illa þefjandi gufan leið upp að vitum þeirra í köldu fjósinu. „Mamma segir að hárið mitt verði hreint, glansandi og falllegt,” svaraði Jóhanna og yppti öxlum.

Útgáfuhóf og adventugleði í Glaumbæ

Þann fyrsta í adventu, 3. desember nk. verður í Áshúsi útgáfuhóf bókarrinnar og sýningaropnun með listaverkum sem prýða blaðsíður bókarrinnar. Þá verður mikið um að vera og hátíðarstemning á safnsvæðinu en þjóðháttaáhugafólk frá Akureyri, úr kvæðamannafélaginu Gefjunni á Akureyri og meðlimir þjóðháttafélagsins Handraðans kemur í heimsókn og verður með jólastarfsdag í gamla bænum í Glaumbæ. Andrúmsloftið í bænum verður eins og við jólaundirbúning árið 1910. Hópurinn verður með kveðskap og sýnir tóvinnu, kertagerð, laufbrauðsútskurð og skreyta jólatré. Þá munu konurnar í Pilsapyt gleðja gesti með nærveru sinni og Stjórnukór Tónadans syngur nokkur jólalög. Jólamarkaður verður með smáframleiðendum í Skagafirði, kaffistofan í Áshúsi verður opin og sannur hátíðarbragur yfir svæðinu. Frír aðgangur er á safnið meðan á viðburðinum stendur eða frá kl. 16-18.

Verið velkomin í verslun Líflands á Blönduósi

Búrekstrarvörur - Hestavörur - Fóður - Gæludýravörur
Útivistarvörur



Lífland Blönduósi
Efstubraut 1 - Sími 540 1155
Opíð virka daga frá 10 - 18


LÍFLAND



Gleðilega hátíð

Okkar bestu þakkir fyrir samstarfið á árinu sem er að líða. Með ósk um gleðilega hátíð og farsælt komandi ár.

Starfsfólk OK



 Tónlistarskóli Skagafjarðar

*óskar öllum nemendum,
starfsfólki, foreldrum,
forsjáraðilum og velunnurum
skólans gleðilegra jóla*



- Meirapróf - Fjarnám
- Aukin ökuréttindi

- Vörubifreið - Hópibifreið
- Leigubifreið - Eftirvagn
- Endurmenntun atvinnubílstjóra

Næsta námskeið byrjar 12. janúar

Upplýsingar á aktu.is

AKTÚ

Ökuskóli allra landsmanna

Jólin mín

Hrafnhildur Viðarsdóttir | Sauðárkróki

Yrði hjónaskilnaður ef ég myndi ekki baka mömmukossa

Hrafnhildur Viðarsdóttir er gift Loga Snæ Knútsyni og er mamma Snæbjörns Atla, Fanndísar og Frostrósar. Hún rekur sína eigin naglastofu hér í heimabænum sínum, Sauðárkróki.

UMSIJÓN
Klara Björk Stefánsdóttir

Þú ert jólabarn, af hverju heldur þú að það sé? Ég eiginlega veit það ekki. Ég hef bara alltaf elskað jólin og allt í sambandi við þau.


Hvað kemur þér í jólaskap? Það er aldrei langt í jólaskapið og það þarf svo sannarlega enga startkapla til að koma því í gang hjá mér. En aðal jólaboðinn undanfarin ár hefur verið fyrsta föstudag í nóvember þegar við systur hittumst

niðri á naglastofu og jólaskreytum hana. Eftir það er sísonið farið af stað!

Hvenær byrjar þú að jólaskreyta? Seríurnar fara upp seinustu vikuna í október, jólaskrautið fer upp sirka aðra vikuna í nóvember og jólatréð er skreytt á fyrsta sunnudag í aðventu.

Gefur þú margar jólgjafir? Ætli það séu ekki á milli 15 og 20.

Og er búið að kaupa eitthvað af jólagjöfum? Búin að kaupa handa börnunum okkar, á allt



Hrafnhildur með Loga sínum, tilbúin í mömmukossa og jólin.

hitt eftir.

Hvað langar þig að fá í jólagjöf? Mig langar í

skó frá Uggs.

Hvert er besta jólalagið? Það á að gefa börnum

brauð með Eyþóri Inga, og *Dansaðu vindur* með Eyvör.

Hvenær tekur þú jólaskrautið niður? Skrautið fer niður á þrettándanum en seríurnar fá að hanga út janúar.

Sendir þú jólakort? Nei, því miður er það dottið upp fyrir eftir að maður fór að þurfa að fara í greiðslumat til að borga undir kortin á pósthúsinu.

Eru föst jólaboð hjá þér og þínum? Jólaboð hjá tengdó á jóladagskvöld og gamlárskvöldverður einnig hjá tengdó.

Hvað finnst þér ómissandi að gera yfir hátíðirnar? Samvera með mínu besta fólki yfir hátíðarnar sjálfar, en fyrir mér byrja jólin í byrjun aðventu og það sem mér finnst ómissandi eru mömmukossarnir, jólahlaðborðin, gott samtal við kakóbarinn í eldhúsinu, horfa á jólamynd og borða

súkkulaðiföndu og jólaskinkan hans tengdapabba, það eru ekki jól án hennar!!!

Kaupir þú sér jólaföt á þig og þína? Já, við gerum það nú yfirleitt, allavega á börnin.

Hvað er í jólamatinn? Hamborgarhryggur og tilbehör fyrir okkur og svo einhvers konar gott kjöt fyrir Fanndísi sem vill ekki hrygg.

Bakar þú fyrir jólin? Það yrði hjónaskilnaður ef ég myndi ekki baka mömmukossa, Logi minn elskar þá, meira að segja svo mikið að hann felur þá fyrir börnunum!

Hver er uppáhalds kókusortin þin? Oreó súkkulaðibitakökur með hvítu súkkulaði, uppskrift sem ég fann í einhverjum af jólabæklingum Nóa Sírius.

Jólin eru... glimmer, gleði og algjörlega uppáhalds!!!

Eigum fullt af flottum vörum
í jólapakkann
Sjáumst hress í jólaskapi



Verzlunin Eyri

Gjafabréf er
sníðug jólagjöf

Opnunartími um jólin

23. desember ... 10:00-13:00
24. desember ... Lokað
25. desember ... Lokað
26. desember ... Lokað
27. desember ... 10:00-18:00
31. Desember ... Lokað
1. janúar ... Lokað
Lokað v/vörutalningar 5. og 6. janúar

Starfsfólk Eyriinnar

óskar viðskiptavinum sínum

gledilegra jóla og farsældar

á komandi ári.

Með þökk fyrir viðskiptin á árinu

Börnin svara | klara@nyprint.is

Krakkarnir á leikskólanum Birkilundi í Varmahlíð

Bríet Lára 5 ára

Hvað finnst þér um jólin? Vel, skemmtilegt því við fáum pakka, svo borða jólamat.

Hvað langar þig að fá í jólagjöf? Mig langar í hrekkjavökudót, bók, polly pocket.

Hvað getur þú sagt mér um jólasveinana? Þeir búa upp í fjöllum og þegar við setjum skóinn upp í gluggann þá gefa þau okkur dót eða nammi. Ég fékk einu sinni nammi og Ólafur líka. Þeir eru með jólahúfu.

Þegar við dönsum í kringum jólatréð þá koma þeir og banka á gluggann. Einu sinni komu þeir með gjafr það var svo skemmtilegt.

Hvað heldurðu að jólasveinana langi að fá í jólagjöf? Ég ætla að gefa þeim piparkökur, Kertasníkir fær kerti, Kjötkrókur fær kjöt og Stekkjastaur fær þrjár mjólkurfurnur. Allir hinir eins og Skyrgámur fær skyr og Askasleikir fær ask og hinir fá piparkökur.

Hvað gerir þú í jólafríinu? Mig langar þínu að gera eitthvað, ég veit ekki hvað ég geri. Ólafur á afmæli um jólin eða sko þegar jólin eru búin þá á Ólafur og afi Olli afmæli. Þeir heita sko báðir Ólafur.



Rúna Marý 3 ára

Af hverju höldum við jólin? Af því að jólakisinn kemur með bangsa.

Hvar eiga jólasveinarnir heima? Uppi í fjöllum.

Hvað heitir mamma jólasveinanna? Gunnhildur.

Hvað borða jólasveinarnir? Mjólk.

Hvað langar þig að fá í jólagjöf? Náttföt.

Jón Kristján 5 ára

Hvað finnst þér um jólin? Skemmtileg út af því að það er verið að gefa nammi og dót og skálar. Einn jólasveinninn gaf mér skálar en ein er brotin.

Hvað langar þig að fá í jólagjöf? Mig langar í lyftara og herna kranabíl og herna monster truck og svona kalla og svona steypubíl og skóflu og vörubíl og gröfu og herna steypubíl.

Hvað heldurðu að jólasveinana langi að fá í jólagjöf? Uuu ég ætla að gefa allavegana jólasveininum herna piparkökur og kex og svo mjólk að drekka. Ég ætla að hafa mjólkina bara í glugganum.

Hvað heitir mamma þeirra? Grýla sem er löngu dauð.

Hvað gerir þú í jólafríinu? Gefa Bjúgnakræki bjúgu í skóinn. Þá er ég að prenta út myndir. Ég fæ dót frá jólasveininum.



Halldóra Sól 3 ára

Af hverju höldum við jólin? Út af því okkur langar svo að syngja jólalög.

Hvar eiga jólasveinarnir heima? Í fjöllumunum.

Hvað heitir mamma jólasveinanna? jólasveinamma.

Hvað borða jólasveinarnir? Til dæmis eitthvað sem er mjög sterkt.

Hvað langar þig að fá í jólagjöf? Nýja bók og nýja dúkku.

Kjarninn



**GERÐU BÍLINN
HREINAN & FÍNAN
FYRIR JÓLIN**

með Meguiar's
bílahreinsivörum

Eigum mikið úrval
af hágæða
bílahreinsivörum
frá Meguiar's



Verið velkomin
í Kjarnann!

KJ Bílaverkstæði

Börninsvara | klara@nyprent.is

Krakkarnir á leikskólanum Birkilundi í Varmahlíð

Hjálmar 5 ára


Hvað finnst þér um jólin? Skemmtilegt það koma pakkar og það kemur jólatré, jólakökur, jólakerti, jólaskraut, jóladót, jólabangsar.

Hvað langar þig að fá í jólagjöf? Langar í galdrapott svona galdrapottdót.

Hvað getur þú sagt mér um jólasveinana? Ég held að þeir gefi okkur pakka og ég held að þeir gefi okkur líka nammí.

Hvað heitir mamma jólasveinanna? Grýla, hún eldar held ég mat.

Hvað gerir þú í jólafríinu? Skreyta, setja upp jólatréið mitt, þá á að byggja nýtt hús, nýja húsið og svo kannski setja upp jólakerti. Kannski búa til jólakökur.



Snæbjört Ellý 4 ára

Hvað finnst þér um jólin? Skemmtileg af því að það koma jólasveinar.

Hvað langar þig að fá í jólagjöf? Langar í dót.

Hvað getur sagt mér um jólasveinana? Gefa okkur jólagjafir, skella hurðum og dansa.

Hvað heitir mamma jólasveinanna? Grýla, hún er bara upp í fjöllum að bíða.

Hvað gerir þú í jólafríinu? Þá er ég að stilla upp jólatrénu og setja upp skraut.

Hrafnhildur Harpa 5 ára

Hvað finnst þér um jólin? Þau eru skemmtileg af því að maður fær svo marga pakka. Meðan þau búa til pakkana þá megum við horfa á sjónvarpið í mömmu og pabba herbergi.

Hvað langar þig að fá í jólagjöf? Mig langar í nýju Láru og Ljónsa bókina og líka fallegan kjól.

Hvað heldurðu að jólasveinana langi að fá í jólagjöf? Húfu, ný fót eins og í Stúfur fer í sumarfrí þá fékk hann ný fót og nýja skó.

Hvað helduru að þeir borði? Ég á bók sem veit hvað þeir borða. Sumir borða nammí en allir drekka mjólk og einhverjir borða laufabrauð.

Hvað gerir þú í jólafríinu? Leita að Pésa og opna pakka. Hitti ömmu og afa, þau komu síðast.



Bergur Jón 5 ára

Hvað finnst þér um jólin? Skemmtileg út af því að maður gefur pakka.

Hvað langar þig að fá í jólagjöf? Minecraft lego og Mario leik. Mig langar líka í Pokemon lego.

Hvað getur þú sagt mér um jólasveinana? Þeir ganga niður fjall til að komast í eitthvað þorp og gefa manni gjafir. Þeir herna gera eitthvað eins og að læðast og skella hurðum.

Ef þú myndir hitta jólasvein hvað myndirú segja honum? Ég myndi segja hæ, það er gaman að hitta þig.

Hvað gerir þú í jólafríinu? Horfa á sjónvarpið. Sofa og borða jólamat og opna pakka. Tek slaufuna af pakknum. Leika mér með nýju jólagjafirnar sem ég fæ.

Byggðasaga Skagafjarðar

Heildarútgáfa I.-X. bindi



TILBOÐ
kr. **50.000**
FYRIR ALLAR TÍU
BÆKURNAR

Ofangreint verð býðst þeim sem panta beint frá útgáfunni. Þeir sem greiða fyrirfram fá bækurnar sendar burðargjaldsfrítt. Annars leggst við burðargjald.

Kennitala Sögufélagsins er:
640269 - 4649
Bankareikningur:
0310 - 26 - 017302

Heildarútgáfa Byggðasögu Skagafjarðar

- I. bindi um Skefilsstaðahrepp og Skarðshrepp ekki selt stakt
- II. bindi um Staðahrepp og Seyluhrepp kr. 6.000
- III. bindi um Lýtingsstaðahrepp kr. 6.000
- IV. bindi um Akrahrepp kr. 6.000
- V. bindi um Ripurhrepp og Viðvíkurhrepp kr. 6.000
- VI. bindi um Hólahrepp kr. 6.000
- VII. bindi um Hofshrepp kr. 6.000
- VIII. bindi um Fellshrepp og Haganeshrepp kr. 6.000
- IX. bindi um Holtshrepp kr. 6.000
- X. bindi um Hofsó, Grafarós, eyjarnar og Haganesvík kr. 6.000



SÖGUFÉLAG
SKAGAFIRÐINGA
STOFNAD 1937

Safnahúsinu
550 Sauðárkróki
Sími 453 6261 / 897 8646
Netfang: saga@skagafjordur.is
Heimasíða: sogufelag.skagafjordur.is

Öku- og bifhjólakennsla

- Aukin ökuréttindi - Vörubifreið
- Hópbifreið - Leigubifreið
- Öll vinnuvélaréttindi
- Eftirvagn



Ökuskóli Norðurlands vestra á Facebook

☎ 892 1790 Birgir



ÖKUSKÓLI
NORÐURLANDS VESTRA
SAUÐÁRKRÓKI



Farskólinn

óskar öllum íbúum á Norðurlandi vestra
gleðilegra jóla og farsæls nýs árs.

Pökkum samstarfið á árinu sem er að líða.

Farskólinn býður upp á vottaðar námsleiðir

- náms- og starfsráðgjöf
- raunfærnimat
- greiningu á fræðsluþörfum
- námskeið fyrir fyrirtæki og stofnanir

farskolinn.is - 455 6010 - farskolinn@farskolinn.is

Vilko



óskar öllum viðskiptavinum
og velunnurum félagsins
gleðilegra jóla og
friðar á komandi ári.

Í Galleríinu fæst úrval
af fallegu handverki til
jóla- og tækifærisgjafa.

Gleðileg jól 2023

STOÐ EHF.
VERKFRÆÐISTOFA

S: 458 5050 • Aðalgötu 21 • Sauðárkróki
www.stodehf.is • stod@stodehf.is



Jólin eru komin
í Blóma- og gjafabúðina
Full búð af alls konar fallegu í jólapakkann!



Hlökkum til að sjá ykkur
í jólaskaði!

Blóma- og gjafabúðin

Aðalgötu 14 | Sauðárkróki | ☎ 455 5544



Gleðilega rafmagnaða hátíð

Starfsfólk RARIK óskar viðskiptavinum, samstarfsfólki og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og gæfuríks nýs árs. Við hlökkum til að verða samferða ykkur á orkuneti framtíðarinnar.

Gleðilega hátíð.

Jólin mín

(Sigríður) Ragnís Hilmarsdóttir | Sauðárkróki

Hlýjan og kærleikurinn sem fylgja jólnum er mér svo kær

Ragnís Hilmarsdóttir eða Raggý er gift Ómari Helga Svavarssyni húsasmíðameistara og eiga þau tvær stúlkur, Lilju Bergdís 9 ára og Karen Vordís 5 ára. Á heimilinu er svo einn Mini schnauzer, hún Embla sem er 5 ára. Raggý vinnur í leikskólanum Ársölum og Sauðárkrókur er hennar heimabær.

UMSIÓN
Klara Björk Stefánsdóttir

Þú ert jólabarn, af hverju heldur þú að það sé? Jólin eru svo mikið ævintýri að ég skil ekki hvernig er hægt að láta þau fara í taugarnar á sér. Ég elst upp við snemmuþinginn jóla- anda. Jólaskraut kom samt ekkert voða snemma upp heima, bara eftir prófin í skólanum. En mamma vann fyrst í Skifunni og var að koma með nýjar jólaplötur

heim til að hlusta, svo byrjaði hún í blómabúð og þar byrja jólin fyrir allar aldir. Pabbi var að æfa lögina heima fyrir jólaböllin sem hann spilaði á, svo nóvember og desember voru jólin allsráðandi heima. Hlýjan og kærleikurinn sem fylgja jólnum er mér svo kær að ég varð að koma með þau inn á mitt heimili.

Hvað kemur þér í jólaskap? Það þarf ekki mikið til sko, mandarínur, könglar, ljósatíur,



Raggý og fjölskylda í jólanáttfötum og pakkafloði.

stelpurnar mínar. Fer í jólaskap við minnsta tilefni.

Hvenær byrjar þú að jólaskreyta? Strax eftir að síðasta hrekkjavöku-beinagrindin fer ofan í kassa. Sem sagt 1. nóvember.

Gefur þú margar jólsgjafir? Gef nákomnum fram að fermingu. Sumar gjafir eftir fermingu heita aðventugjafir, bara til að svindla smá.

Og er búið að kaupa eitthvað af jólsgjöfum? Já er búið að kaupa ca.

80% af listanum.

Hvað langar þig að fá í jólsgjöf? Náttföt og rúmföt. Veit nú þegar að ég fæ bæði...er ég forvitin? Já. Get ég beðið með að vita hvað er í pökkunum? Nei.

Hvert er besta jólalagið? Christmas in Dixie með Alabama. Ég er algjör jólakántrý nörd. Kántrý jólalögin fara alltaf fyrst á fóninn heima hjá mér. Hef það frá foreldrum mínum. Tala samt ekki mikið um það, ekki mikill skilningur á þessari fíkn

minni.

Hvenær tekur þú jólaskrautið niður? Jólareð fer niður helgina eftir þrettándann. Hitt fer niður kannski í endaðan janúar. Ljós þar til ég er andlega tilbúin fyrir myrkríð.

Sendir þú jólakort? Já... elska jólakort. Gef ekki jafn mörg og áður. Gef eiginlega bara á þau heimili sem við gefum pakka.

Eru föst jólaboð hjá þér og þínum? Já, á annan í jólnum förum við til tengdó. En annars eru náttfötin allsráðandi.

Hvað finnst þér ómissandi að gera yfir hátíðirnar? Njóta með fólkinu mínu, ekki plana of mikið. Bara lifa í núinu. Og eitthvað gott að bita í.

Kaupir þú sér jólaföt á þig og þína? Stelpurnar mínar fá alltaf ný föt. En við Ómar fáum bara ný nærföt. Allavega förum við ekki í jólaköttinn í ár.

Hvað er í jólamatinni? Við erum ekki vanaföst.

Ætli við höfum ekki bara hrygg. Um áramótin höfum við hátíðarkjúkling með fyllingu sem Ómar dútlar við í tvo sólahringa. Uppskrift frá stófrænku Ómars. Ég bið allt árið eftir henni.

Bakar þú fyrir jólin? Já en ég fer auðveldu leiðina. Kaupi tilbúnar rúllur. Við elskum að baka og skreyta. Við elskum ekki að hnoða í deig.

Hver er uppáhalds kökusortin þín? Klassískar myndpiparkökur.

Jólin eru... samverustund með fólkinu mínu. Uppáhalds tíminn minn er samt aðventan, þegar jólin eru að lifna við um allan bæ. Taka rúnt og sjá ljósin. Að hafa eitthvað bragðgott við höndina... allan daginn...alltaf. Að sjá stelpurnar mínar opna pakkana sína, og sjá eitthvað koma upp úr þeim sem þær eru búnar að óska sér heillengi, það slær öllu við.



Elsku þið!

Njóttum aðventunnar og hátíðleik jólanna.
Njóttum þess að borða góðan skagfirskan mat.
Njóttum samverunnar með fjölskyldu okkar og vinum.

Þökkum góðar móttökur á árinu
Hlökkum til að taka á móti ykkur á árinu 2023.

Starfsfólk og eigendur

Bláfell og Brjálaða gímbrin

Við sérhæfum okkur í hágæða vörum og þjónustu. Full búð af fallegum gjafahugmyndum.

- Snyrting - Gjafabréf
- Garn -Húðvörur

Vantar þig tíma í snyrtingu fyrir jólin?
Það er einfalt að panta tíma hjá okkur í gegnum noona appið.

Sjáumst,
Ólína, Þorgerður og Helgarut

Árlega hugaleikfimin...

Jólamyndagátan 2023



VERÐLAUNAMYNDAGÁTA

Prenn bókaverðlaun ásamt góðgæti verða veitt fyrir rétta lausn myndagátunnar sem felst í setningu sem lesa má út úr myndunum 30. Athugið að ekki er gerður greinarmunur á breiðum og grónum sérhljóða.

Lausnina skal senda á netfangið feykir@feykir.is eða í pósti á: Feykir fréttablað, Borgarflöt 1, 550 Sauðárkróki, eigi síðar en föstudaginn **15. desember** nk.

Höfundur: Páll Friðriksson

Flugmaður og þjóðsagnapersóna - Björn Pálsson

Fyrsti sjúkraflugmaðurinn

Út er komin hjá Bókauktgáfunni Hólum stórmerk bók um fyrsta sjúkraflugmanninn á Íslandi, Björn Pálsson. Jóhannes Tómasson skráði. Björn Pálsson var frumkvöðull í sjúkraflugi á Íslandi. Hann vann marga hetjudáðina og var kallaður „bjargvættur landsbyggðarinnar“ eina lífsvon sjúkra og slasaðra úti á landi. Hann fór í loftið þótt veður-útlitið væri allt annað en gott til flugs, svo ekki sé nú minnst á landingarstaðina sem sumir voru varla meira en "lófastærð". Þetta er vægast sagt einstök lesning um einstakan mann og ekki seinna vænna að halda minningu hans á lofti, en Björn lést í flugslysi fyrir 50 árum og var þá ekki sjálfur við stýrið. Verkefni Björns voru af ýmsum toga eins og tvö næstu kaflabrot sýna okkur:

Þarna er hross

Í grein í Tímanum 13. maí 1958 segir Björn Egilsson á Sveinstöðum í Skagafirði frá flugferð með Birni Pálssyni til að leita hrossa á afrétti upp af Skagafirði. Nágrannabóndi hans hafði fengið Björn Pálsson til flugsins og bað hann nafna hans að fara með honum. Birni bónda varð um og ó og „kunni ekki við að auglýsa það fyrir sveitinni að ég þyrði ekki að fljúga, því almenningur hefir jafnan talið hvers konar hræðslu til ræfildóms,“ segir Björn í grein sinni. Hann hafði sig til og „fór að raka mig, því ekki þótti mér



viðeigandi að fara skeggjaður inn í eilífðina, ef svo skipaðist,“ skrifar Björn einnig og gerir ekki lítið úr flughræðslu sinni.

Á flugvellinum hittust þeir nafnar og Björn bóndi skrifar: „Hann sagði til sín og ég virti fyrir mér þennan fræga mann, sem ekki virtist vita það sjálfur, en bað sérstaklega góðan þokka við fyrstu sýn.“ Flugáætlunin hljóðaði upp á tveggja tíma flug inn að Hofsjökli austanverðum og nú var allt til reiðu. „Síðan gengum við út á vígvöllinn, en engin ró eða öryggistilfinning var innra með mér,“ segir Björn og kveðst þó ekki vilja fljúga með

neinum öðrum en Birni Pálssyni vegna þess trausts sem hann nyti. Flugvélin tók mjúklega af stað og leið um loftið „eins og í mjúkri sæng hjá konu,“ skrifar Björn. „En þetta var ekki nema hálf sagan. Hins vegar var svo hinn óhugnanlegi ótti, sem erfitt er að segja frá. Þessi ginandi hæð niður á jörðina og mér leið því verr sem fjær dró frá jörðinni. Ég vildi vera sem næst henni úr því sem komið var,“ og segir Björn hræðsluna hafa komið í hviðum. Hann hafi þá farið að hugsa um annað, meðal annars gat honum ekki dulist „hin dásamlega útsýn“. Er þeir flugu yfir gljúfur Vestari-

Jökulsár varð Birni bónda ekki um sel: „En sem við vorum yfir gljúfrinu skeði hið óhugnanlega, sem ekki hafði komið fyrir áður í þessari ferð. Flugvélin tók að hallast á vestari vænginn eða hægri vænginn og minn vængur vísaði ofan í gljúfrið. Ég sagði ekki neitt, en ekki þykir mér ólíklegt að nafni minn hafi séð á mér angistarsvipinn. Þetta stóð ekki lengi sem betur fór.“

Áfram flugu þeir inn yfir landið og fundu við Orravatnsrústir, ekki langt frá Reyðarfelli, tvö af hrossunum þremur sem þeir leituðu. Björn bóndi sótti þau síðar fótgangandi.

Tveir farþegar í flugtaki - þrír í landingu

Mánudaginn 11. september 1961 fæddist stúlkubarn á Íslandi sem er ekki endilega í frásögur færandi nema fyrir það að móðirin var í flugvél á leið á fæðingardeildina í Reykjavík þegar stúlkun kom í heiminn. Stúlkunni lá sem sagt á Birni Pálssyni hafði þennan dag borist ósk frá Þorgeiri Jónssyni, lækni á Þingeyri, um að hann sækti þangað konu í barnsnauð og flytti til Reykjavíkur. Læknirinn taldi vandamál með fylgjuna og rétt að hún kæmist til sérfræðinga til að fæða. Hann álti þó ekki líklegt að konan fæddi barnið á leiðinni og ákvað að fara ekki með.

Kristín Gunnarsdóttir og Guðmundur Sören Magnússon bjuggu á Brekku í Dýrafirði og áttu þau fyrir átta börn. Uppkomin börn þeirra urðu ellefu en eitt fæddist andvana. „Læknirinn taldi einhverja fyrirstöðu svo hann vildi að ég yrði flutt suður,“ segir Kristín í samtali við skrasetjara. „Við bjuggum á bænum Brekku í Dýrafirði, ekki langt frá Þingeyri, og ég var flutt með vörubíl á sjúkraskýlið. Þar ákvað læknirinn að ég skyldi flutt suður og Björn Pálsson kom á sjúkraflugvél sinni.“

Í frétt Morgunblaðsins 14. september segir að stærri flugvél Björns, og er átt við Twin Bonanza-flugvélin TF-VOR, hafi verið að koma úr ársskoðun og farið beint í sjúkraflugið eftir reynsluflug. „Ég snaraðist niður á völinn á Þingeyri um fimmeftið og var þá strax komið með konuna,“ er haft eftir Birni í fréttinni. Kristín segir að

flugferðin hafi gengið vel en eftir þó nokkurt flug hafi þeim orðið ljóst að hún væri komin með fæðingarhríðir og Björn verið sannfærður um að barnið væri að fæðast. „Maðurinn minn tók á móti stúlkunni þarna í vélinni og það gekk þannig séð eðlilega fyrir sig. Við lentum svo í Reykjavík nokkru síðar. Maðurinn minn hafði áður tekið á móti börnum okkar og var þetta í fjórða skiptið, við bjuggum afskekkt og ekki alltaf hægt að komast á spítala.“ Þegar stúlkun var fædd tilkynnti Björn flugturni í Reykjavík að farþegar væru nú einum fleiri um borð í vélinni og segir svo í frétt Morgunblaðsins: „Þeir svöruðu um hæl og sögðust óska viðkomandi til hamingju. Ég bað flugturninn um að hringja í fæðingardeildina og fá sjúkrabíl, lækni og ljósmóður út á völl. Síðan var gefið heldur betur benzín á leiðinni, og lent í Reykjavík rétt um klukkan sex. Á völlum beið sjúkrabíll, læknir og ljósmóðir og eftir nokkrar mínútur voru móðir og dóttir komnar á fæðingardeildina og öllum heilsaðist vel,“ er haft eftir Birni. Í frétt í Vísi 13. september segir að læknir og hjúkrunarkona hafi verið á flugvellinum þegar Björn lenti. Hafi þau þegar farið inn í flugvélinna og veitt konunni fæðingarráðgjaf. „Að lítilli stundu liðinni, var konan tekin í sjúkrakörfu út úr flugvélinni, en komið var með reifabarnið á undan.“

Heypokarnir komu sér vel

Að vetrarlagi var Björn Pálsson beðinn að sækja fullorðinn mann austur á Bakkafjörð. Á leiðinni þaðan var óskað eftir því að hann færi til Fáskrúðsfjarðar að sækja veika konu. Þegar þangað var komið var „vandinn að koma fyrir öðrum sjúklingi í þessari ltlu vél,“ sagði Björn síðar. „Nú var komið með heypoka, hvern á fætur öðrum, og þeim hlaðið upp þangað til sjúklingarnir voru eiginlega komnir í axlarhæð á mér í vélinni, til þess að geta legið heldur frjalsari afturí. Og til Reykjavíkur komumst við.“

Fjöldi mynda prýðir bókina, sem er fánleg í bókabúðum og eins hjá útgefanda í netfanginu: holar@holabok.is





VERUM SNJÖLL
VERZLUM
HEIMA

VISSIR ÞÚ...?

Að kaupa jólagjafir og annað til jólanna hér heima er stuðningur við samfélagið okkar. Njótum þess besta og jólahátíðarinnar saman. Þannig njótum við öll gleðilegra jóla.